



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið 2020



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7 – 101 Reykjavík
www.stjornarradid.is / srn@srn.is

Júní 2021

ISBN: 978-9935-494-20-7

Ábyrgðarmaður: Sigurður Ingi Jóhannsson
Hönnun ársrits: Einar Guðmundsson

Efnisyfirlit

Ávörp

- Sigurður Ingi Jóhannsson 4

Ráðuneytið

- Stefnupíramídi 6
- Skipulag og verkefni 7

Stefnumál ráðherra 8

Staða stefnumála 10

Ráðuneytið á tímum faraldurs 26

Stofnanir 29

Starfsemi 32

- Stefnumótun 33
- Mannauður 34
- Fjármál og rekstur 35
- Samráð 36
- Þingmál og nefndir 37
- Stjórnsýsluúrskurðir 38
- Samskipti 39
- Fréttaannáll 40

Ársskýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 44

1. Stjórn málaefni ráðuneytisins 45

2. Útgjöld málefna sviða og málaflokka 46

3. Árangur og ávinningur af ráðstöfum fjármuna 49

- 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál 50
- 08.10 Framlög til sveitarfélaga 55
- 08.20 Byggðamál 63
- 11.10 Samgöngur 73
- 11.20 Fjarskipti, netöryggi og póstmál
- 11.30 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 80

4. Framvinda í kynja- og jafnréttismálum 82

5. Yfirlit um ráðstöfun varasjóða, millifærslur og skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga 84

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila 86



Sigurður Ingi Jóhannsson

Samgöngu-
og sveitarstjórnarráðherra

Tími hinna stóru skrefa

Frá upphafi þessa kjörtímabils hafa verið stigin stór skref í málaflokkum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Framlög til samgöngumála hafa aldrei verið jafn há og á síðustu árum og finna íbúar allra landshluta fyrir miklum framkvæmdum á vegum, við hafnir og á flugvöllum. Miklar úrbætur eru að verða á fjölförnum stofnbrautum til og frá höfuðborgarsvæðinu sem munu auka öryggi verulega og greiða verulega fyrir umferð. Dýrafjarðargöng hafa verið tekin í notkun og vegur yfir Dynjandisheiði er að klárast og mun hafa stórkostleg áhrif á samgöngur á Vestfjörðum. Vegur um Teigsskóg er síðan handan við hornið. Hafist verður handa við byggingu nýrrar flugstöðvar á Akureyri á næstu mánuðum sem mun skapa frekari tækifæri fyrir ferðaþjónustu á norðausturhorni landsins. Listinn af verkefnum er nánast endalaus en ég vil líka nefna nýjar brýr yfir Hornafjarðarfjót og Ölfusá sem eru hluti af samvinnuverkefnum sem samþykkt voru á Alþingi. Stór skref hafa verið stigin varðandi Sundabraut sem mun samkvæmt áætlunum klárast árið 2029. Það er stór áfangi.

Loftbrúin var sett í loftið haustið 2020 og hefur mælst vel fyrir enda er um algjöra byltingu að ræða þegar kemur að því að jafna aðstöðumun íbúa landsins. Niðurgreiðsla á flugfargjöldum íbúa landsbyggðanna til höfuðborgarinnar er stórt skref sem gerir fólki kleift að sækja alla þá þjónustu og afþreyingu sem byggst hefur upp á höfuðborgarsvæðinu á síðustu áratugum.

Á árinu 2020 var lagður grunnur að nýrri og enn öflugri byggðaaætlun. Sú vinna er ekki síst mikilvægt tækifæri til samtals milli ríkisins og landshlutanna um framtíðarsýn fyrir landið okkar. Sú þróun að fleiri

ráðuneyti taki þátt í vinnunni af fullum krafti hefur gert byggðaaætlun að öflugum hreyfiafli í byggðamálum.

Við höfum unnið af krafti við að efla fjarskiptainnviði og er Ísland í hópi fremstu ríkja heims í fjarskiptainnviðum. Ljósleiðaravæðing landsins hefur verið á fullri ferð með verkefninu Ísland ljóstengt sem lýkur árið 2021 en þá mun annað metnaðarfullt verkefni taka við sem hefur fengið nafnið Ísland fulltengt. Við höldum ótrauð á þeirri braut en á kjörtímabilinu var samþykkt ný stefna í fjarskiptum til fimmtán ára og veigamikil frumvarp lagt fram á Alþingi til nýrra heildarlaga um fjarskipti.

Tímamót urðu með nýrri löggjöf um öryggi net- og upplýsingakerfa en með henni var umgjörð fyrir netöryggi stórefld. Loks var hafist handa við að móta nýja opinbera netöryggisstefnu á þessu ári.

Þá má nefna að þegar óveður afhjúpaði veikleika í raforkukerfinu sem olli truflun á fjarskiptum var brugðist hratt við og varaafli bætt á fjarskiptastöðum víða um land en þeirri vinnu lýkur á þessu ári.

Mikilvæg endurnýjun átti sér stað á löggjöf um skráningu einstaklinga en þrenn heildarlög á því sviði voru færð til nútímans. Einstakar lagabreytingar hafa einnig mikla þýðingu. Ein þeirra heimilar að gefa út kennitölur til andvana fædda barna sem fæðast eftir 22. viku meðgöngu. Foreldrar öðlast með þessu mikilvæg réttindi, svo sem til fæðingarorlofs.

Samgöngusáttmáli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er tímamótaverkefni sem rýfur þá stöðun sem ríkt hefur í uppbyggingu

samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í samgöngusáttmálanum er sköpuð framtíðarsýn og framtíðaráætlun um blandaða uppbyggingu stofnbrauta, almenningssamgangna og umferð gangandi og hjólandi. Sú mikla uppbygging sem hafin er á svæðinu mun stuðla að nútímalegum og vistvænum samgöngum á svæðinu og draga úr töfum og mengun.

Þingsályktun um eflingu sveitarstjórnarstigsins var samþykkt á Alþingi og hefur verið unnið ótúllega að framkvæmd hennar í nánu samstarfi við sveitarfélög um allt land. Með samþykkt ályktunarinnar var stigið stórt skref.

Árið 2020 verður áberandi í sögubókum framtíðarinnar vegna heimsfaraldursins sem hafði gríðarleg áhrif á líf Íslendinga eins og annarra. Faraldurinn setti sterkan svip á starfsemi ráðuneytisins en þau verkefni voru öll leyst með fumlausum og faglegum hætti. Margvíslegar ráðstafanir voru kynntar til að mæta faraldrinum og styðja við heimili og fyrirtæki ýmist með viðbótarfjárveitingum eða tímabundinni löggjöf á ýmsum sviðum.

Þegar litið er yfir afrekaskrá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á kjörtímabilinu og árið 2020 er gleðilegt að sjá að ekkert hefur verið gefið eftir í þeim stóru verkefnum sem eru á ábyrgð ráðuneytisins. Því er ekki síst að þakka langri hefð í ráðuneytinu fyrir stefnumótun og áætlanagerð. Árangurinn á kjörtímabilinu er áþreifanlegur og ánægjulegur. Af því er ég stoltur.



Stefnupíramídi ráðuneytisins

Starfsemi ráðuneytisins er mikilvægur hlekkur í þjónustu stjórnvalda við samfélagið. Starfsemin og áherslur endurspeglast í stefnupíramíða ráðuneytisins.

Þar er að finna hlutverk og gildi ráðuneytisins sem og sameiginlega framtíðarsýn og meginmarkmið allra málaflokka. Píramíðinn sýnir enn fremur tengsl mála við stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

Gildin okkar eru mikilvæg leiðarljós í daglegri starfsemi:

Framsýni


Við sýnum frumkvæði að umbótum, sýnum framsækni og erum viðsýn. Við leitum allra leiða til að bæta stjórnsýslu og þjónustu ráðuneytisins.

Árangur

Við vinnum af fagmennsku og metnaði, góð þjónusta ber árangur. Við erum innan fjárheimilda og höfum hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Traust

Við leggjum áherslu á heiðarleika og skilvirkni, erum réttlát í samskiptum við almenning og eigum góð samskipti við hagsmunaaðila. Stjórnsýsla ráðuneytisins er opin.



Hlutverk

Traust, leiðandi og framsækið stjórnvald.

Gildi

Framsýni – Árangur – Traust

Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

Markmið – Mælikvarðar – Aðgerðir

Stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

Ráðuneytið

Verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, fjarskipti, grunnskólur, pósthjónustu, netöryggi og sveitarstjórnar- og byggðamál. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.


Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er Sigurður Ingi Jóhannsson og hann er jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda. Ráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu í umboði ráðherra.

Skrifstofur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eru fjórar; skrifstofa stafrænna samskipta, skrifstofa samgangna, skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga og skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála.

Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyrast undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna. Hlutabréf í opinberu hlutafélagunum eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og skipar fjármála- og efnahagsráðherra stjórnir þeirra.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er í nánu samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir. Þar má nefna Norrænu ráðherra-nefndina, Evrópuráðið, stofnanir sem tengjast EES-samstarfinu, samgöngustofnanir, OECD og fleiri.

Skipurit





Stefnumál ráðherra

Ráðuneytið vinnur að fjölmörgum mikilvægum verkefnum hverju sinni. Ráðherra setti 25 mál í forgang sem unnið var að á kjörtímabilinu í takt við stjórnarsáttmála og stefnur og áætlanir ráðuneytisins í málaflokkum þess.

Stefnumál ráðherra

Fjarskipti, grunnskrár og póstmál

1. Innleiðing 5G tækninnar í fjarskiptum
2. Samnýting innviða
3. Ísland ljóstengt
4. Stóreflt net- og upplýsingaöryggi
5. Öryggi fjarskiptasambanda við önnur lönd
6. Regluverk um landshöfuðlén Íslands
7. Afnám einkaréttar í póstpjónustu
8. Endurskoðun á regluverki um málefni þjóðskrár Íslands

Samgöngur

9. Hraða uppbyggingu í vegamálum og innviðum í samgöngum
10. Umferðaröryggi aukið
11. Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu
12. Stefna í almenningssamgöngum
13. Breytingar á umhverfi leigubífreiða
14. Flugstefna mótuð
15. Orkuskipti í samgöngum
16. Einföldun og samræming regluverks um skip

Umbótaverkefni

- A. Áætlanir samhæfðar
- B. Rafræn stjórnsýsla og nýsköpun
- C. Aukin gæði eftirlits
- D. Þjónustumiðaðri stjórnsýsla

Byggðamál

17. Blómlegar byggðir
18. Opinber þjónusta kortlögð
19. Höfuðborgarstefna mótuð
20. Brothættar byggðir

Sveitarstjórnarmál

21. Sveitarstjórnarstigið eft á landsvísu
22. Skýrara hlutverk landshlutasamtaka
23. Endurskoðun reglna um fjármál sveitarstjórna
24. Stuðningur vegna sameiningar sveitarfélaga
25. Stefna og aðgerðaáætlun um sveitarstjórnarmál



Staða stefnumála

Margir stórir áfangar hafa náðst á kjörtímabilinu af stefnumálum ráðherra í öllum málaflokkum ráðuneytisins.

Staða stefnumála

FJARSKIPTI

Ný stefna í fjarskiptum og heildarlög um fjarskipti móta framtíðina

1

Ný stefna í fjarskiptum fyrir tímabilið 2019-2033 og fjarskiptaáætlun fyrir 2019-2023 var samþykkt á Alþingi árið 2019. Markmið stefnunnar er m.a. að efla samstarf um stefnumótun í fjarskiptum, styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði, tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta og tengingar Íslands við umheiminn og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns.

Frumvarp til nýrra heildarlaga um fjarskipti var lagt fram í annað sinn haustið 2020. Meginmarkmið frumvarpsins er annars vegar að samræma landsrétt uppfærðum samevrópskum reglum á fjarskiptamarkaði, sem m.a. er ætlað að stuðla að hagkvæmri uppbyggingu 5G-kerfa í Evrópu, og hins vegar tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi.

Markvisst hefur verið unnið að því á kjörtímabilinu að undirbúa skynsamlega uppbyggingu innviða fyrir 5G sem bráðlega verði nauðsynleg innviðaþjónusta gangi spár eftir. 5G-kerfi verða ásamt ljósleiðarakerfum grunnstoðir fyrir fjórðu iðnbyltinguna og hlutanetið. Í mars 2021 kynnti ráðherra framtíðarsýn undir heitinu Ísland fulltengt, sem felur í sér að íbúar landsins fái aðgang að ljósleiðara og 5G óháð búsetu. Slíkt átak verði verðugur arftaki verkefnisins Ísland ljóstengt.

Ráðherra hefur skipað starfshóp um öryggi fjarskiptakerfa vegna innleiðingar 5G í íslenskt samfélag.

Starfshópurinn gerir tillögur um breytingar á regluverki vegna öryggishagsmuna sem væru til þess fallnar að auka öryggi 5G-kerfa á Íslandi og tryggja traust og trúverðuleika erlendra sem og innlendra aðila enn frekar á fjarskiptakerfinu.

[> Stefna í fjarskiptum 2019-2033](#)

[> Fjarskiptaáætlun 2019-2023](#)

Hagkvæm uppbygging háhraðafjarskiptaneta

2

Ný lög um hagkvæma uppbyggingu háhraðafjarskipta, sem tóku gildi í upphafi árs 2020, auðvelda að taka í notkun nýja tækni með lægri tilkostnaði. Lög in stuðla að samnýtingu jarðvegsframkvæmda við lagningu ljósleiðara eða annarra innviða í þágu samfélagsins. Lagasetningin var mikilvægt skref til að ryðja úr vegi mögulegum hindrunum fyrir innleiðingu nýrrar tækni.

Í gildandi fjarskiptaáætlun er lögð áhersla á að stuðla að verði að aukinni og hagkvæmri samnýtingu veituframkvæmda við uppbyggingu fjarskiptainnviða.

[> Lög um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta](#)

Ljósleiðaravæðingu í dreifbýli lokið

3

Landsátakinu Ísland ljóstengt lauk vorið 2021 þegar síðustu styrktarsamningar fjarskiptasjóðs við sveitarfélög voru gerðir. Frá árinu 2016 hafa 57 sveitarfélög hlotið styrki til að tengja um 6.200 styrkhæfa staði með ljósleiðara en þúsundir annarra bygginga og sumarhúsa hafa notið óbeint góðs af uppbyggingunni. Stórbættar fjarskiptatengingar hafa bylt forsendum búsetu og atvinnurekstrar í sveitum landsins en ný skýrsla um Ísland ljóstengt leiðir í ljós ótvíræðan árangur og samfélagslegan ávinning af verkefninu.

Framlag ríkisins til verkefnisins nam alls 3.350 m.kr. Fjarskiptasjóður úthlutaði 2.950 m.kr. í styrki á árunum 2016-2021 en ráðuneytið hefur alls lagt til 400 m.kr. á grunni byggðaáætlunar. Sveitarfélög og íbúar hafa lagt til sambærilega fjármuni en framkvæmdir eru á ábyrgð sveitarfélaga, sem hafa ýmist kosið að eiga og reka kerfin, leigja út reksturinn eða selja til fjarskiptafyrirtækja.

Verkefnið stóðst áætlanir um kostnað og tíma þrátt fyrir um 60% aukningu á umfangi. Árið 2015 var umfangið talið vera um 3.800 staðir, heildarstofnkostnaður áætlaður allt að 8 ma. kr. og því átti að ljúka fyrir árslok 2021.

Kveikjan að Ísland ljóstengt var framtíðarsýn og markmið stjórnvalda um að ljósleiðaravæða dreifbýlið en hornsteinn var lagður að með blaðagrein Sigurðar Inga Jóhannssonar árið 2013 undir yfyrskriftinni „Ljós í fjós“.




Ísland ljóstengt

6.200

Fjöldi tengdra staða

3.350 m.kr.

Fjárframlag ríkisins



Nýtt samvinnuverkefni, Ísland fulltengt, mun leggja grunn að næsta mikilvæga áfanga sem er ljósleiðaravæðing byggðakjarna. Það verður gert í samræmi við markmið fjarskiptaáætlunar um að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins alls fyrir árslok 2025.

[> Nánar um Ísland ljóstengt](#)
[> Skýrsla um samfélagslegan ávinning af Ísland ljóstengt](#)

Tímamót með gildistöku nýrra laga um net- og upplýsingaöryggi

4

Mikil tímamót urðu þegar ný lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða tóku gildi í september 2020. Lögin eru þau fyrstu sinnar tegundar hér á landi en meginmarkmið þeirra er að auka öryggi net- og upplýsingakerfa og bæta viðbrögð við öryggisatvikum. Lögin byggjast á því að öryggi mikilvægra innviða og kerfislega mikilvægra fyrirtækja sé grundvöllur efnahags- og samfélagslegrar starfsemi. Starf netöryggisráðs sem samstarfsvettvangs stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi var einnig eftt með lögunum. Í kjölfar gildistöku laganna hefur Netöryggisveitin verið eflað, bæði hvað varðar mannafla og búnað.

Nýju lögin kveða á um skyldu allra mikilvægra innviða að senda netöryggisveit tilkynningu um alvarleg atvik eða áhættu sem ógnar öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra. Í þessu skyni var opnuð árið 2020 sérstök tilkynningagátt um öryggisatvik til að auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að tilkynna um öryggisatvik sem kunna að koma upp í rekstri þeirra.

Vorið 2021 hófst vinna við að móta nýja netöryggisstefnu innan ramma stefnu um fjarskipti. Stuðst var við ítarlega rýni á stöðu netöryggis á Íslandi, sem gerð var í samvinnu við Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU). Stefnumótun og rýni hefur farið fram í náinni samvinnu við ráðuneyti og stjórnvöld, auk opins samráðs í samráðsgátt stjórnvalda. Stefnumótun mun ljúka í júní en í kjölfar þess verður mótuð aðgerðaáætlun.

[> Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða](#)
[> Tilkynningagátt um öryggisatvik](#)

Fjarskiptaöryggi Íslands stóraukið með fjármögnun nýs sæstrengs

5

Fjármögnun á nýjum fjarskiptasæstreng milli Íslands og Írlands hefur verið tryggð með aðkomu ríkisins. Stefnt er að því að taka strenginn í notkun fyrir árslok 2022 en tilgangurinn er að stórauka öryggi í fjarskiptasamböndum Íslands við Evrópu í samræmi við stefnu í fjarskiptum til ársins 2033.

Strengurinn, sem hlotið hefur nafnið ÍRIS, mun liggja milli suðvesturhluta Íslands og Galway á Írlandi og verður þriðji fjarskiptastrengurinn sem tengir Ísland við Evrópu. Fyrir eru FARICE-1 og DANICE strengirnir sem tengja Ísland við Skotland og Danmörku. Farice ehf., sem nú er í fullri eigu ríkisins, á og annast uppbyggingu og rekstur strengjanna.

Ráðuneytið samdi við Farice ehf. árið 2018 um undirbúning og framkvæmd botnrannsóknna, sem eru nauðsynlegur þáttur í undirbúningi lagningar á nýjum fjarskiptastreng.

[> Fjármögnun nýs fjarskipta-sæstrengs tryggð](#)

Fyrstu lög um íslensk landshöfuðlén samþykkt á Alþingi

6

Tímamót urðu þegar Alþingi samþykkti ný lög um íslensk landshöfuðlén í maí 2021. Um er að ræða fyrstu heildarlögin um umgjörð og umsýslu á íslenskum landshöfuðlénnum og öðrum lénnum með beina skírskotun til Íslands, en er þar einkum átt við landshöfuðlénin .is.

Markmið laganna er að stuðla að öruggum, hagkvæmum og skilvirkum aðgangi að íslenskum landshöfuðlénnum og styrkja tengsl þeirra við Ísland með því að kveða á um örugga, gagnsæja og skilvirka umsýslu þeirra.

Með lögunum er settur sanngjarn rammi utan um starfsemi skráningarstofa, sem hafa umsjón með landshöfuðlénnum. Þá eru í lögunum m.a. lögð til úrræði fyrir stjórnvöld til að loka eða haldleggja skráð lén undir íslensku landshöfuðlénnum. Landshöfuðlénnum er útdelt til allra ríkja og beina skírskotun til viðkomandi ríkja.

Í lögunum er ákvæði um forkaupsrétt ríkisins í fyrirtækinu ISNIC, sem er mikilvægur þáttur til að standa vörð um þá mikilvægu innviði sem felast í þeim stafrænu grunnvirkjum sem ISNIC heldur utan um, enda gegna þessir þættir lykilhlutverki í hinum íslenska hluta internetsins.

[> Frumvarp til laga um landshöfuðlén](#)

Einkaréttur afnuminn í pósthjónustu

7

Tímamót urðu þegar ný lög um pósthjónustu voru samþykkt á kjörtímabilinu en þau tóku gildi í upphafi árs 2020. Lögín fela í sér afnám einkaréttar á pósthjónustu og að tryggja skuli aðgang að alþjónustu, skilgreindri lágmarkshjónustu óháð staðsetningu, á viðráðanlegu verði. Um er að ræða heildarendurskoðun á lögum um pósthjónustu frá árinu 2002.

Lögín gera einnig ráð fyrir heimild til að innheimta sérstakt gjald fyrir pakkasendingar til landsins, til að koma til móts við pósthjónustufyrirtæki vegna lágra endastöðvagjalda. Endastöðvagjöld eru byggð á reglum Alþjóðapóstambandsins og standa ekki undir raunverulegum kostnaði pakkasendinga til landsins. Í núverandi lögum um pósthjónustu er gert ráð fyrir að eitt eða fleiri pósthjónustufyrirtæki verði falið að sinna alþjónustu, sem tryggir pósthjónustu um allt land. Póst- og fjarskiptastofnun útnefndi Íslandspóst alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu í lok árs 2020.

Í upphafi árs 2021 var lagt fram frumvarp um að eftirlitshlutverk með pósthjónustu yrði fært til Bygðastofnunar frá Póst- og fjarskiptastofnun. Markmiðið er tryggja jafnan rétt landsmanna til alþjónustu póstsins og samhæfa betur byggðasjónarmið og póstmál.

[> Lög um pósthjónustu](#)

[> Frumvarp til laga um flutning póstmála til Bygðastofnunar](#)

Heildarendurskoðun lokið á lögum um skráningu einstaklinga

8

Brenn ný lög tóku gildi á kjörtímabilinu sem snúa að skráningu einstaklinga með einum eða öðrum hætti. Ný lög um lögheimili og aðsetur tóku gildi árið 2019 og ný lög um Þjóðskrá Íslands og starfsemi hennar árið 2018. Þá voru ný heildarlög um skráningu einstaklinga samþykkt á kjörtímabilinu en þau tóku gildi í byrjun árs 2020. Markmið laganna er að tryggja áreiðanlega skrá yfir einstaklinga, að skráning þeirra sé rétt og skapi öruggan grundvöll fyrir tiltekin réttindi og tilteknar skyldur einstaklinga. Megininntak laganna er hvaða upplýsingar skuli skrá í Þjóðskrá, hvernig þær eru skráðar og hvernig þeim er miðlað.

Haustið 2020 var mælt fyrir breytingu á lögum um skráningu einstaklinga sem veitir heimild til að gefa út kennitölur til andvana fædda barna sem fæðast eftir 22. viku meðgöngu. Með því öðlast foreldrar þessara barna tiltekin mikilvæg réttindi, svo sem til fæðingarorlofs.

Með tilkomu nýrra laga á þessu sviði lauk endurskoðun á helstu lagabálkum sem snúa að skráningu einstaklinga í rúmri merkingu þess orðs. Ný og nútímalög löggjöf hefur tekið við af eldri lögum, í sumum tilvikum yfir hálfra aldar gömlum lagabálkum. Endurskoðunin hefur því falið í sér einföldun regluverks og talsverða lagabót fyrir þær grunnskrár sem samfélagið byggir á.

[> Lög um skráningu einstaklinga](#)

[> Lög um lögheimili og aðsetur](#)

[> Lög um Þjóðskrá Íslands](#)

[> Andvana fædd börn eftir 22. viku fá kennitölu til að tryggja réttindi foreldra](#)






SAMGÖNGUR

Samgönguáætlun með stórauðnu fjármagni til samgöngumannvirkja

9

Alþingi afgreiddi samgönguáætlun 2020-2034 í júní 2020 sem gerir ráð fyrir að stórauðnu fjármagni verði varið í samgöngumál, sér í lagi innviðaupbyggingu – nýjar vegaf framkvæmdir, viðhald vega, hafnir og flugvelli. Framlög til vegagerðar á fjárlögum hækkuðu um 4 milljarða á ári frá því sem áður var á fyrsta tímabili áætlunarinnar 2020-2024. Þá voru til viðbótar 6,5 ma.kr. settar í uppbyggingu samgönguinnviða 2020 í fjárfestingaráttaki ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 faraldursins. Fjármálaáætlun 2021-2025 sem afgreidd var frá Alþingi í desember 2020 gerir ráð fyrir að fé til uppbyggingar samgönguinnviða verði aukið enn frekar árin 2021-2025. Fjöl mörgum framkvæmdum er flýtt á tímabili áætlunarinnar með áherslu á að bæta umferðaröryggi og tengingar milli byggða. Meðal annars er gert ráð fyrir að akstur Stefnumál verði aðskildar á megin stofnvegum frá höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandsvegi til Borgarness, á Suðurlandsvegi til Hellu og á Reykjanesbraut að Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Sérstök jarðgangaáætlun er hluti samgönguáætlunar og er miðað við að jafnaði sé unnið í einum göngum á landinu á hverjum tíma. Dýrafjarðargöng voru opnuð á árinu 2020 og þá er stefnt að því að flýta upphafi framkvæmda við Fjarðarheiðargöng þannig að þær hefjist árið 2022 eða talsvert fyrr en áður



hafði verið ráðgert. Í kjölfarið hefjast framkvæmdir á göngum milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og síðan frá Mjóafirði til Norðfjarðar og þannig verði komið á hringtengingu á svæðinu. Unnið er að heildstæðri greiningu á jarðgangakostum á Íslandi til að þeim verði forgangsraðað til langs tíma með tilliti til fýsileika, kostnaðar og félagsdagfræðilegs ábata.

Gert er ráð fyrir að mótframlag ríkisins til hafnaframkvæmda verði aukið verulega m.a. í Reykjanesbæ, í Þorlákshöfn, á Ísafirði og á Sauðárkróki til að styðja við atvinnuuppbyggingu. Loks er auknu fé varið til uppbyggingar á flugvöllum með það að markmiði að opna fleiri gáttir til landsins og styðja við millilandaflug til og frá landinu. Meðal annars var unnið að undirbúningi stækkunar flugstöðvar og flughlaðs á Akureyri og nýrrar akstursbrautar flugvallarins á Egilsstöðum svo hann geti betur þjónað sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Árið 2017 lagði ríkið 35,3 milljarða kr. í samgöngur á fjárlögum og fjárukalögum en árið 2021 nema framlög ríkisins 56,9 milljörðum kr. að meðtöldu framlagi úr fjárfestingaáætlun.

[> Þingsályktun um samgönguáætlun 2020-2034](#)

[> Þingsályktun um samgönguáætlun 2020-2024](#)

[> Tillaga til breytinga á Þingsályktun 2020-2024 og 2020-2034](#)

[> Myndband um samgönguáætlun 2020-2034](#)

Samvinnuverkefni flýta framkvæmdum

Lög um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir voru samþykkt á Alþingi í júní 2020. Í þeim er heimilað að hefja samstarf hins opinbera og einkaaðila um sex afmarkaðar vegaf framkvæmdir, veg yfir Hornafjarðarfljót, veg um Öxi, Sundabraut, hringveg um Mýrdal og jarðgöng í Reynisfjalli, tvöföldun Hvalfjarðarganga og hringvegur norðaustan Selfoss og brú yfir Ölfusá. Undirbúningur er þegar hafinn í einstökum verkefnum en lengst er ferlið komið varðandi brú yfir Hornafjarðarfljót. Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að heimilt verði að innheimta veggjöld til þess að standa straum af framkvæmda- og rekstrarkostnaði að hluta eða öllu leyti.

Öll samvinnuverkefni eiga það sameiginlegt að auka umferðaröryggi og stytta ferðatíma. Nokkur þeirra leiða til verulegrar vegstyttingar, t.d. styttingurinn yfir Öxi suðurleiðina til Egilsstaða um 57-68 km. Í öllum tilfellum verður áfram hægt að fara núverandi vegi og komast hjá veggjöldum.

[> Lög um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir](#)

Samvinnuverkefni (PPP)



Ný umferðarlöggjöf og stórauknar vegaförumvæmdir efla umferðaröryggi 10

Það markaði þáttaskil þegar ný umferðarlög tóku gildi á kjörtímabilinu. Mörg veigamikil nýmæli felast í löggjöfnni og margvíslegar umbætur gerðar til að stuðla að bættu umferðaröryggi í landinu. Meginmarkmið laganna er að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi þar sem jafnræðis er gætt milli vegfarenda, óháð samgöngumáta, og tillit tekið til umhverfissjónarmiða við skipulagningu umferðar.

Meðal nýmæla eru hert ákvæði um ölvunarakstur, bann við akstri gegn rauðu ljósi fært í lög úr reglugerð og að hefðarreglur um akstur í hringtorgum eru lögfestar. Ýmis ný ákvæði eru um hjólreiðar og hjálmaskylda barna lögfest. Loks er hugtakið snjalltæki skilgreint og notkun allra snjalltækja og far-síma við stýri bönnuð.

Stóraukið fé hefur verið sett í markvissar framkvæmdir og viðhald á samgönguinnviðum sem miða að samgönguöryggi. Meðal verkefna sem auka umferðaröryggi er aðskilnaður akstursstefna á umferðarmiklum þjóðvegum, átak í breikkun brúa og lagning bundins slitlags á malarvegi. Þá hafa fram-lög til almenns viðhalds og þjónustu á vegakerfinu aukist umtalsvert. Í nýrri umferðaröryggisáætlun er allt kapp lagt á að auka umferðaröryggi og fækka slysum. Við forgangsröðun umferðaröryggisaðgerða verður m.a. byggt á niðurstöðum árangursmats þar sem í fyrsta sinn hafa verið greind þjóðhagsleg áhrif aðgerða. Þá er einnig byggt á gögnum um helstu slysaáði og könnunum á hegðun vegfarenda.

[> Umferðarlög 77/2019](#)

Kraftur í framkvæmd samgöngu-sáttmála höfuðborgarsvæðisins 11

Ríkið og sex sveitarfélög undirrituðu haustið 2019 tímamótasamkomulag um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Samkomulagið felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir skipulagssvæðið sem hafði ekki verið raunhæfur möguleiki um áratugaskeið. Samkomulagið er í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem snýr að því að „stýðja við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu“ og „auka möguleika gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli“.

Opinbert hlutafélag, Betri samgöngur ohf., var stofnað haustið 2020 um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgönguinnviða í samræmi við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Kraftur hefur færst í framkvæmd samgöngusáttmálans en fyrsti samningur Betri samganga við Vegagerðina um framkvæmd verkefna var gerður vorið 2021.


Markmiðið samgöngusáttmálans er að auka öryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta og minnka tafir, stórefla almenningssamgöngur og draga úr mengun af völdum svifryks og losunar gróðurhúsalofttegunda til að standa við loftslagsmarkmið stjórnsvalda og sveitarfélaga.

Heildarfjármögnun samkomulagsins nemur 120 milljörðum kr. Ríkið mun á samningstímanum leggja fram 45 milljarða og sveitarfélögin 15 milljarða en einnig er gert ráð fyrir að sérstök fjármögnun, svo sem í formi flýti- og umferðargjalda eða með sölu á eignum ríkisins, standi straum af 60 milljörðum kr.

Á tímabili samgöngusáttmálans verða 52,2 milljarðar lagðir í stofnvegi, 49,6 milljarðar í innviði Borgarlínu og almenningssamgöngur, 8,2 milljarðar í göngu- og hjólastíga, göngubrýr og undirgöng og 7,2 milljarðar í bættu umferðarstýringu og sértækar öryggisaðgerðir. Þá verður unnið að því að bæta umferðarstýringu höfuðborgarsvæðinu.

- [> Nánar um samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins](#)
- [> Lög um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu](#)
- [> Opinbert hlutafélag stofnað um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu](#)
- [> Myndband um samgönguáætlun 2020-2034](#)

Heildarfjármögnun 120 milljarðar





- Leiruvogur að Kollafrði
- Sundabráú frá Holtavegi að Gufunesi

Sundabraut um Sundabráú

Í samgöngusáttmálanum segir að sérstaklega skuli hugað að greiðum tengingum aðliggjandi stofnbrauta svo sem Sundabrautar inn á stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins. Í samræmi við þetta hafa starfshópar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins unnið að tillögu um útfærslu á legu brautarinnar. Árið 2020 var Vegagerðinni falið að skoða tvo kosti, jarðgöng undir Kleppsvík og lágbrú yfir Kleppsvík. Í byrjun febrúar 2021 komst starfshópur á vegum Vegagerðarinnar að þeirri niðurstöðu að allt benti til þess að Sundabráú væri hagkvæmari kostur en jarðgöng fyrir legu Sundabrautar. Starfshópurinn taldi vega þyngst að kostnaður við brúarleið væri lægri, brú hentibetur fyrir alla ferðamáta, þ.m.t. almenningssamgöngur og að ný Sundabraut á brú bæti samgöngur innan höfuðborgarsvæðisins sem og til og frá borginni með því að dreifa umferð, minnka álag á öðrum stofnvegum og stytta ferðatíma. Tillögur starfshópsins hafa nú verið lagðar í félags-
hagfræðilegt mat.

[> Nánar um niðurstöður starfshóps um Sundabráú](#)

Fyrsta heildarstefna um almennings- samgöngur milli byggða

12

Fyrsta heildarstefna sinnar tegundar um almennings-
samgöngur milli byggða var kynnt á kjörtímabilinu. Stefnan var samþykkt á Alþingi sem hluti af endurskoðaðri samgönguáætlun og er ætlað að stuðla að umhverfissvænni, öruggari og hagkvæmari almennings-
samgöngum. Lagt er til að almennings-
samgöngur með flugi, ferjum og almenningsvögnum myndi eina sterka heild og boðið verði upp á eitt leiðarkerfi fyrir allt landið með bættu aðgengi. Undirbúningur er hafinn að því að allar upplýsingar um áfangastaði og tímasetningar í leiðarkerfi almennings-
samgangna verði í einni upplýsingagátt. Þar verði hægt að fá ferðatillögur í rauntíma, þar sem ólíkar leiðir og ferðamátar eru tengdir saman, og bjóði upp á kaup á farmiðum alla leið. Markmiðið er að öflugt samþætt kerfi verði raunhæfur kostur fyrir alla, óháð efnahag, og jafni aðstöðu íbúa á lands-
byggðinni.

Vegagerðinni hefur verið falin framkvæmd stefnunnar og vinnur að framgangi hennar. Rekstur almenningsvagna milli byggða og styrktra flugleiða var til að mynda boðinn út árið 2020.

Mikilvægur þáttur í stefnunni er að styrkja samkeppnishæfni almennings-
samgangna og er það ekki síst gert með endurskoðun fargjalda. Stórt skref í þá átt var tekið árið 2020 þegar Loftbrú var kynnt til sögunnar, en hún veitir íbúum svæða sem búa fjærst höfuðborgarsvæðinu 40% afsláttur af miðaverði í flugi innanlands. (sjá nánari umfjöllun um Loftbrú).

[> Nánar um heildarstefnu um almennings- samgöngur](#)

Heildarendurskoðun á löggjöf um leigubifreiðar liggur fyrir Alþingi

13

Mörg nýmæli og breytingar eru í frumvarpi til laga um leigubifreiðaaakstur sem lagt var fram á kjörtímabilinu og er enn til meðferðar á Alþingi. Um er að ræða heildarendurskoðun á eldri lögum sem sett voru árið 2001.

Markmið lagafrumvarpsins er að tryggja gott aðgengi að hagkvæmri, skilvirkri og öruggri leigubifreiðapjónustu fyrir neytendur á Íslandi. Meginbreytingarnar felast í því að sérstök takmörkunarsvæði, þar sem leigubifreiðastjórur er skylt að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð og fjöldatakmörkanir eru á útgefnum atvinnuleyfum, verða afnumin. Þá eru skilyrði til að starfa sem leigubifreiðastjóri gerð skýrari og sömuleiðis skilyrði þess að fá starfsleyfi fyrir leigubifreiðastöð. Verði frumvarpið samþykkt yrðu einnig stigin skref sem gera farveitum kleift að hefja starfsemi en farveitur og bílstjórar þeirra þurfa að uppfylla sömu skilyrði laganna og leigubifreiðastöðvar og leigubílstjórar.

[> Frumvarp til laga um leigubifreiðaaakstur](#)

Fyrsta flugstefna Íslands samþykkt

14

Fyrsta flugstefna Íslands var samþykkt á kjörtímabilinu sem hluti af endurskoðaðri samgönguáætlun. Tilgangur hennar er að skapa umhverfi sem viðheldur grunni fyrir flugrekstur og flugtengda starfsemi á Íslandi og styður vöxt hennar að því marki sem það er þjóðhagslega hagkvæmt, eykur atvinnusköpun og stuðlar að jákvæðri byggðarþróun.

Samkomulag var gert við Reykjavíkurborg á kjörtímabilinu um að gera rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni en þær hófust haustið 2020. Markmiðið er að fullkanna kosti þess að reisa og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varafflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug. Í fyrsta áfanga rannsókna verður m.a. unnið heildstætt mat á náttúruvá á svæðinu, sem er augljóslega mikilvægt áður en lengra er haldið í ljósi eldgossins á Reykjanesi.

Loftbrú var hleypt af stokkunum haustið 2020, sem er hluti flugstefnunnar, en með henni fá íbúar með lögheimili á landsbyggðinni, fjarri höfuðborgarsvæðinu og á eyjum, 40% afslátt af flugfargjöldum

til og frá höfuðborgarsvæðinu. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir að gera skuli „innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðarinnar“. Markmiðið með verkefninu er að styrkja atvinnulíf og atvinnuþátttöku á landsbyggðinni með því að greiða fyrir aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að miðlægri þjónustu. Viðtökur við Loftbrú hafa verið mjög góðar en rúmlega 26.175 flugleggir höfðu verið bókaðir með afsláttarkóða Loftbrúar í lok maí 2021.

[> Nánar um flugstefnu](#)

[> Nánar um Loftbrú](#)



26.175 flugleggir bókaðir (lok maí 2021)



Orkuskipti í samgöngum mikilvæg í loftslagsáætlun

15

Orkuskipti í samgöngum er ein megináhersla í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum 2018-2030 sem hefur það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Áætlað er að verja 1,5 milljarði króna á fimm árum til uppbyggingar innviða fyrir virka ferðamáta, rafvæðingu hafna, orkuskipta í ferjum og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi. Þá hafa viðbótarfjármunir verið áætlaðir í þennan málaflökk í tengslum við að efla markmið í loftslagsmálum og sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar.

Mikil tímamót urðu þegar nýr Herjólfur hóf siglingar árið 2019 en hann mun að fullu geta gengið fyrir umhverfissvænni orku. Á kjörtímabilinu var ráðist í það verkefni með fleiri ráðuneytum að fjölga rafhleðslustöðvum við þjóðveginn og áttak um að stuðla að orkuskiptum hjá bílaleigum.

Starfshópur var skipaður um ræktun og framleiðslu úr orkujurtum til að meta mögulegt umfang og arðsemi. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum, bátum og ferjum með ræktun orkujurta og framleiða lífdísil sem íblöndun í jarðdísilolíu á aflvélar þeirra.

Þá hefur starfshópur hafið vinnu við að móta heildarstefnu og aðgerðaráætlun um orkuskipti í flugi svo að Ísland verði í fremstu röð á því sviði. Stefnt er að því að setja markmið um að byrjað verði að nota umhverfissvæna orkugjafa í innanlandsflugi fyrir árið 2030 og styðja nýsköpun og prófanir á svipi orkuskipta í flugi.

Auk þess eru fulltrúar ráðuneytisins í ýmsum starfshópum og nefndum um orkuskipti og loftslagsmál á vegum annarra ráðuneyta.

[> Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)

Ný heildarlöggjöf um skip

16

Frumvarp um nýja heildarlöggjöf um skip var samþykkt á Alþingi vorið 2021 en með lögunum er lagaumhverfi á þessu sviði einfaldað og samræmt. Markmiðið er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega, efla varnir gegn mengun frá skipum og tryggja skilvirka skráningu, merkingu, mælingu og eftirlit með skipum. Ný skipalög koma í stað fjögurra lagabálka og með þessari einföldun verður löggjöf um skip aðgengilegri.

Þá var frumvarp um áhafnir skipa lagt fram vorið 2021. Markmið laganna er að tryggja öryggi áhafna, farþega og skipa og efla varnir gegn mengun sjávar með tilteknum kröfum og útgáfu skírteina. Lögunum er loks ætlað að stuðla að jöfnu aðgengi kynjanna að menntun, þjálfun og störfum um borð í íslenskum skipum.

Mikilvægar breytingar voru gerðar á lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnu við fiskveiðar með laga-setningu í desember 2019. Markmið þeirra var að gera breytingar á kröfum til skráningar- og ráðningarpjónustu fiskimanna og heilbrigðiskröfum fiskimanna.

[> Ný lög um skip](#)

[> Frumvarp til laga um áhafnir skipa](#)

BYGGÐAMÁL

Veglegur stuðningur við fjölmörg byggðamál

17

Unnið hefur verið af krafti á kjörtímabilinu við að efla byggðir landsins með fjölbreyttum aðgerðum á grundvelli byggðaaætlunar 2018-2024. Markmið byggðaaætlunar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Unnið er að 54 aðgerðum til að ná þessum markmiðum.

Samtals hefur 8,77 milljörðum kr. verið varið til byggðamála á kjörtímabilinu (fjárheimildir 2018-2021), þar af með framlagi úr byggðaaætlun alls 3,1 milljörðum kr. Styrkir hafa verið veittir úr fjórum samkeppnissjóðum á kjörtímabilinu á grundvelli aðgerða í byggðaaætlun. Styrkir til verslunar í strjálbýli (aðgerð A.9) nema 58,3 milljónum kr., alls hafa 47,3 milljónir kr. runnið í verkefni á sviði almennings-samgangna (A.10), 158,6 milljónir kr. í verkefnastyrki til fjarvinnslustöðva á landsbyggðinni (B.8) og loks hefur 473 milljónum kr. verið ráðstafað til sértækra sóknarætlunarsvæða (C.1).

Þessu til viðbótar voru ýmis verkefni studd með veglegum hætti, t.d. verkefnið Brothættar byggðir, Ísland ljóstengt, efling staðbundinna fjölmiðla og innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu, m.a. með samningi við Ljósið. Störf án staðsetningar er ein aðgerð í byggðaaætlun og ætlað að stuðla að því að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki hjá hinu opinbera. Ráðuneytum og stofnunum var falið að skilgreina hvaða störf geta verið unnin án sérstakrar staðsetningar. Markmiðið er að fyrir lok árs 2021 skuli 5% auglýstra starfa vera

án staðsetningar og í árslok 2024 eigi hlutfallið að vera komið í 10%. Nýir sóknarætlanasamningar við öll átta landshlutasamtök sveitarfélaga voru undirritaðir á kjörtímabilinu og gilda til ársins 2024. Sóknarætlanir eru öflugt tæki sem heimamenn í hverjum landshluta geta beitt til að efla blómlegar byggðir um land allt.

Vinna við endurskoðun byggðaaætlunar hófst árið 2020 með röð undirbúnings- og samráðsfunda. Grænbók um byggðamál um stöðu byggðamála og grundvöllur fyrir nýja stefnumótun í byggðamálum til 15 ára var birt í samráðsgátt í desember 2020. Hvítbók, drög að nýrri stefnu í byggðamálum, var birt í maí 2021.

[> Skoða byggðaaætlun á Vegvís.is](#)

Framlög til byggðamála (2018-2021)

8,77 ma.kr.

Stafrænt þjónustukort í stöðugri mótun

18

Nýtt stafrænt þjónustukort var tekið í notkun á kjörtímabilinu. Kortið sýnir almenna þjónustu hins opinbera og einkaaðila um land allt með myndrænum hætti. Skráðir hafa verið um 95% þjónustubátta á vegum ríkisins en gögn frá sveitarfélögum bætast stöðugt við.

Markmiðið með kortinu er að auka og bæta aðgengi almennings að upplýsingum um þjónustu víðs vegar um landið og auka tækifæri til nýsköpunar og frekari stefnumótunar á sviði byggðamála.

Verkefnið er ein af aðgerðum byggðaaætlunar fyrir árin 2018 til 2024. Byggðastofnun hefur umsjón með þjónustukortinu sem er í stöðugri þróun og uppfærslu. Nú er unnið að frekari endurbótum á viðmóti og virkni kortsins og til stendur að það verði innan skamms aðgengilegt á ensku og pólsku.

[> Þjónustukort Byggðastofnunar](#)

Undirbúningur hafinn að mótun höfuðborgarstefnu

19

Undirbúningur er hafinn að því að móta höfuðborgarstefnu sem ætlað er að skilgreina hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna, réttindi og skyldur borgarinnar sem höfuðborgar sem og stuðla að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Byggðastofnun hafa tilnefnt fulltrúa í starfshóp um verkefnið og mun stærstur hluti vinnunnar fara fram veturinn 2021-2022.

[> Nánar um verkefnið](#)






Samstarf við 10 byggðarlög

247 m.kr.

254 verkefni

Markmið með verkefninu er að sporna við fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.



- Lokið þátttöku
- Virkt samstarf við Bygðastofnun

20

Brothættar byggðir

Verkefnið Brothættar byggðir hefur það markmið að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti og stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar taka höndum saman um eflingu byggðarlagsins með sértekum aðgerðum og unnið með sóknarfæri, sem byggja á sérstöðu þeirra.

Úthlutað hefur verið 254 styrkjum til frumkvæðisverkefna að upphæð rúmar 247 milljónir króna á þessum þremur árum. Þar vó fjárfestingaráttak stjórnvalda vegna COVID-19 veirufaraldurs að upphæð 100 m.kr. þyngst. Átakið varð íbúum Brothættra byggða mikil hvatning og viðurkenning á því starfi sem verkefnið miðar að. Að auki hafa stjórnvöld komið myndarlega að mikilvægum málum byggðarlaganna og má nefna vegagerð við Öxarfjörð, þ.e. svokallaðan Dettifossveg, vegagerð við Borgarfjörð eystri og Bakkaflóa og styrk til ljósleiðaravæðingar í Árneshreppi. Bygðastofnun hefur umsjón með verkefninu sem er hluti af gildandi byggðaáætlun stjórnvalda 2018-2024.

[> Nánar um Brothættar byggðir](#)

[> Skoða einstök verkefni á Vegvís.is](#)

Markmið stefnu

Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.

Sjálfsstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og að tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Fyrsta stefna um málefni sveitarfélaga tekið gildi

21

25

Fyrsta heildarstefna ríkisins um málefni sveitarfélaga var samþykkt á Alþingi í janúar 2020. Stefnan var sett fram eftir mikinn undirbúning, samráð og samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Markmið stefnunnar eru skýr: Að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og að sjálfsstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og að tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Í aðgerðaáætlun stefnunnar eru settar fram ellefu aðgerðir sem eiga það allar sameiginlegt að styrkja umgjörð og grundvöll sveitarstjórnarstigsins.

Frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, þar sem mælt er fyrir um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga var lagt fram haustið 2020 og er nú í þinglegri meðferð. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem er ætlað að draga úr lagahindrunum er varða sameiningu sveitarfélaga, svo sem skýrari heimildir sveitarstjórna til að nýta fjarfundabúnað. Þá er mælt fyrir um það nýmæli að sveitarstjórnir móti stefnu um það þjónustustig sem sveitarfélag hyggst halda uppi í byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélaga. Áætlað er að fjárhagslegur ávinningur af aðgerðinni geti numið á bilinu 3,5 til 5 milljörðum kr. á ári.

[> Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga](#)

[> Myndband um stefnu í málefnum sveitarfélaga](#)

[> Staða aðgerða í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga](#)

Skýrsla gefin út um hlutverk landshlutasamtaka

22

Hlutverk landshlutasamtaka og staða þeirra var skilgreind í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni landshlutasamtaka sem gefin var út í nóvember 2020. Niðurstöður starfshópsins voru í meginatriðum tvær. Annars vegar að skerpa þurfi lagalegar undirstöður landshlutasamtakanna og hins vegar að skýra hlutverk landshlutasamtaka sem formlegs og óformlegs milligönguaðila á milli ríkis og sveitarfélaga til þess að samtökin geti haldið áfram að þróast og dafna. Í aðgerðaáætlun með stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga er að finna aðgerð sem snýr að því að vinna áfram með niðurstöður starfshópsins.

Á grundvelli skýrslunnar verður unnið að frekari tillögum varðandi hlutverk og verkefni landshlutasamtaka til framtíðar.

[> Skýrsla nefndar um málefni landshlutasamtaka](#)



Á Húsavík



Á Ísafirði

Tekjustofnakerfi verði endurskoðað

23

Í stefnu og aðgerðaáætlun um málefni sveitarfélaga er kveðið á um aðgerð sem ætlað er að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og auka fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Unnin skuli greinargerð um núverandi tekjustofnakerfi og gerð grein fyrir tekjustofnum sem færst gætu á milli ríkis og sveitarfélaga og mögulegir nýir tekjustofnar sveitarfélaga reifaðir. Þá verði heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lokið fyrir almennar sveitarstjórnarkosningar árið 2022 og breytingar innleiddar í áföngum á því kjörtímabili sem lýkur árið 2026.

Ráðherra hefur skipað verkefnisstjórn sem hefur hafið vinnu í samræmi við aðgerðina og felur verkefnið í sér annars vegar endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og mat á fjármögnunarpörf sveitarfélaga miðað við núverandi verkefni og hins vegar heildarendurskoðun á regluverki því sem gildir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Stefnt er að því að tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og reglum sem gilda um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga liggi fyrir í árslok 2021.

Þá hafa þegar verið gerðar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, m.a. til að efla sveitarstjórnarstigið og rýmka heimildir sjóðsins á sérstök um framlögum vegna sameiningar sveitarfélaga.

[> Verkefnisstjórn vegna vinnu við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga](#)

[> Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga](#)

Jöfnunarsjóður greiðir fyrir sameiningum með stóruaknum stuðningi

24

Fjárhagsleg aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga var stóruakin með nýjum reglum sem tóku gildi í júlí 2020. Nýjar reglur er ein af aðgerðum stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Stuðningur af þessu tagi getur numið allt að 12 milljörðum króna á tímabili aðgerðaáætlunar um málefni sveitarfélaga.

Helstu breytingar frá fyrri reglum varða fyrirkomulag útreiknings á skuldajöfnunarframlagi og framlags vegna endurskipulagningar á stjórnslu í kjölfar sameiningar. Þá er kveðið á um sérstakt byggðaframlag til að koma til móts við sveitarfélög þar sem íbúabróun er undir landsmeðaltali.

Ríkið og sveitarfélög undirrituðu samkomulag í október 2020 um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga fyrir árin 2021-2025. Í samkomulaginu eru tilgreind fjöldi verkefna sem gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög vinni saman að á næstu árum. Jafnframt var undirrituð viljayfirlýsing til að vinna að því að afla fjárheimilda á Alþingi fyrir aðgerðir sem miða að því veita sveitarfélögunum fjárhagslega viðspyrnu og til að verja lögbundna grunnþjónustu. Meðal annars var samþykkt að veitt verði 935 m.kr. framlag sem styðji við stefnumarkandi áætlun stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukna sjálfbærni þess með sameiningum sveitarfélaga.

Ný og endurbætt upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var tekin í notkun árið 2019 en hún veitir aðgang að tölfraeðiupplýsingum um framlög sjóðsins. Vefsvæðið var fært í nýtt útlit og gögnum um framlög fyrir málefni fatlaðra bætt við. Á vefsvæðinu er hægt að skoða og bera saman framlög sjóðsins eftir landsvæðum og sveitarfélögum aftur til ársins 2013.

[> Vefsvæði Jöfnunarsjóðs um fjárhagslegan stuðning við sameiningar](#)
[> Upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs](#)

Stuðningur við sameiningar*

12 ma.kr.

*Á tímabili stefnumótandi áætlunar um sveitarstjórnarmát

UMBÓTAVERKEFNI

Kynningarrit um samhæfingu áætlana og vinnsla áætlana samræmd

A

Árið 2020 var gefið út kynningarrit um samhæfingu áætlana ráðuneytisins, hugmyndafræðina og það sem hefur áunnist sem og næstu skref.

Þá eru til staðar stefnur og aðgerðaáætlanir í öllum málaflokkum ráðuneytisins, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, fyrst allra ráðuneyta. Allar áætlanir eru unnar með sambærilegum hætti, skulu settar fram á samræmdu formi og uppfylla gæðaviðmið um mælanleika og aðgerðir með skýrri ábyrgð, tímasetningum og fjármögnun. Einnig er unnið að samhæfingu áætlana ráðuneytisins og annarra áætlana í Stjórnarráðinu með því að viðhafa víðtækt samráð.

> Kynningarrit um samhæfingu áætlana ráðuneytisins

Frumvarp liggur fyrir Alþingi um samhæfingu áætlana

Ráðuneytið hefur um nokkurt skeið innleitt nýja hugsun í opinberri stefnumótun með því að samhæfa stefnur og áætlanir á málsviði ráðuneytisins. Í upphafi árs 2021 var lagt fram frumvarp um frekari samhæfingu áætlana en tilgangur þess er að einfalda og sameina regluverk um gerð stefna og áætlana málaflokka byggðamála, samgangna og fjarskipta. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um samhæfingu í stefnumótunarferli áætlana og framsetning stefna og áætlana uppþærð í takti við nýja tíma. Frumvarpið er í þinglegri meðferð Alþingis.

Fyrsta skref til frekari samhæfingar var stigið árið 2018 þegar gerðar voru breytingar á lögum þess efnis að allar áætlanir á málefnaviði ráðuneytisins

eru gerðar til fimm og fimmtán ára í senn og endurskoðaðar á þriggja ára fresti hið minnsta.

> Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála

Vegvísir að lykilupplýsingum


B

Nýr gagnvirkur upplýsingavefur ráðuneytisins — vegvísir.is — var opnaður vorið 2021. Vefnum er ætlað að vera mælaborð um samgöngur, fjarskipti og byggðamála og leiðarvísir almennings að lykilupplýsingum um þessa málaflokka. Verkefnið er mikilvægt nýsköpunar- og umbótaverkefni sem greiðir aðgang almennings að upplýsingum og hvetur til samtals um málefni og áætlanir ráðuneytisins. Þrjár af áætlunum ráðuneytisins; samgönguáætlun, byggðáætlun og fjarskiptaáætlun eru settar fram á vefnum með mun aðgengilegri hætti en áður.

Á Vegvísi er hægt að skoða markmið, einstök verkefni, raunstöðu þeirra og mælikvarða sem notaðir eru til að meta árangurinn. Á einfaldan hátt er hægt að sjá að hverju er verið að vinna í ráðuneytinu og fagstofnunum sem undir það heyrja.

Hægt er að skoða aðgerðir og framkvæmdir á korti eða í lista. Margvíslegar upplýsingar eru settar fram á Vegvísi til að gefa m.a. yfirsýn yfir m.a. verkframvindu, staðsetningu, fjármagn verktímabil og hvenær og af hverju á að framkvæma þær. Þá er hægt að skoða stöðu eftir landshlutum.

> Vegvísir – upplýsingagátt ráðuneytisins





island.is

Eftirlitshlutverk efti og hagsmunaskráning aukin C

Markvisst hefur verið unnið að því að auka gæði eftirlits á vegum ráðuneytisins í þeim tilgangi að efla traust og gagnsæi. Gerðar hafa verið leiðbeiningar um meðferð innherjaupplýsinga hjá ráðuneytinu. Þá hafa leiðbeiningar verið samdar fyrir starfsfólki um upplýsingarétt og afhendingu gagna. Unnið er að því að greina enn frekar eftirlitshlutverk ráðuneytisins og leiðum til að sinna því. Ráðuneytið hefur t.a.m. átt frumkvæði að því að auka eftirlit, m.a. fjárhagslegt eftirlit stofnananna með fyrirtækjum sem lúta eftirliti þeirra.

Í október 2020 var hagsmunaskráning gerð aðgengi- leg á vef ráðuneytisins.

[> Hagsmunaskráning á vef ráðuneytisins](#)

Regluverk einfaldað, úreft lög felld úr gildi og önnur lög uppfærð D

Sumarið 2020 var leitað eftir ábendingum frá fólki, fyrirtækjum og stofnunum um það sem betur mætti fara í starfi eða regluverki hjá ráðuneytinu og fagstofnunum. Unnið hefur verið úr þeim ábendingum bæði í stofnunum og ráðuneytinu í samræmi við aðgerðaáætlun þar að lútandi.

25 lagabálkar á málefna sviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins voru felldir úr gildi með lögum í mars 2021. Það er liður í stefnu stjórnvalda um einföldun regluverks og að gera stjórnáætlunum þjónustu- miðaðri og einfaldari án þess að gengið verði á sam-

félagslega hagsmunum. Lögin höfðu öll lokið hlutverki sínu en eru að formi til enn í gildi. Elstu lögin voru frá árinu 1917.

Heildarendurskoðun, breytingar og umbætur á mörgum lagabálkum ráðuneytisins á kjörtímabilinu falla einnig undir markmið að einfalda regluverk, takast á við breyttar samfélagsaðstæður og stafræna þróun. Dæmi um þetta eru lög um lögheimili, ný heildarlög um skip og frumvarp um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála.

[> Lög um brottfall ýmissa laga á málavísi ráðuneytisins](#)

25

Lagabálkar sem felldir voru úr gildi

Kraftur í stafrænni þróun

Ráðuneytið og fagstofnanir hafa unnið að því að efla stafræna þjónustu á sínum vegum. Unnið er að mörgum ólíkum verkefnum sem miða öll að því að því að auka árangur og bæta þjónustu. Allar skrifstofur ráðuneytisins vinna að umbótaverkefnum og setja reglulega ný umbótaverkefni á dagskrá.

Þjónusta Loftbrúar, sem veitir íbúum landsbyggðarinnar fjarri höfuðborgarsvæðinu lægri flugfargjöld til borgarinnar, er að fullu stafrænt og gagnsætt á þjónustuvefnum Ísland.is. Þar er hægt að kanna rétti- indi sín og sækja afsláttarkóða til að nota við bókanir.

Mikið framfaraskref var stigið þegar stafræn öku- skírteini í snjallsímum voru tekin í notkun 1. júlí 2020. Þá hefur verið ákveðið að gera umgjörð fyrir almennt ökunám stafræna frá upphafi til enda fyrir árslok 2021. Tekur það til umsókna, ökunámsbóka, upplýsinga- gáttar fyrir nemendur og ökukennara, ökuskóla, prófa og útgáfu ökuskríteina. Markmiðið er að einfalda ökunámsferlið, fækka snertiflötum milli stofnana og bæta til muna þjónustu við nemendur og öku- kennara.

Tilkynningagátt um öryggisatvik er mikilvæg stafræn þjónusta sem auðveldar stofnunum og fyrirtækjum að tilkynna um öryggisatvik sem upp kunna að koma í rekstri þeirra. Öryggisatvikin geta verið netatvik tengd netárásam eða netglæpum, en geta einnig varðað vernd persónuupplýsinga.

[> Stafræn ökuskrírteini komin á Ísland.is](#)


[> Umgjörð ökunáms verði stafræn frá upphafi til enda](#)
[> Íbúar landsbyggðarinnar fá lægri flugfargjöld með Loftbrú](#)

[> Tilkynningagátt mikilvægt skref ...](#)



Verkefni stjórnarsáttmála 2021

VERKEFNI	STAÐA
Auka samráð við sveitarfélög um verkefni þeirra og fjárhagsleg samskipti	Lokið
Styrkja sóknaráætlanir landshluta	Lokið
Efla hinar dreifðu sjávarbyggðir og viðhalda fjölbreytni í vaxtarmöguleikum til að tryggja afkomuöryggi þeirra	Lokið
Hefja samstarf við sveitarfélögin um gerð þjónustukorts	Lokið
Hraða uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum með hvort tveggja nýframkvæmdum og viðhaldi	Lokið
Gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðanna	Lokið
Byggja upp almenningsamgöngur um allt land	Lokið
Styðja við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Lokið
Huga að möguleikum til að opna fleiri hlið inn til landsins og fjölga þannig þeim svæðum sem geta notið góðs af ferðapjónustu	Lokið
Auka möguleika gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli	Lokið
Ljúka ljósleiðaravæðingu landsins árið 2020	Lokið
Fela ráðuneytum og stofnunum að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er	Lokið



Ráðuneytið á tímum faraldurs

Verkefni ráðuneytisins mörkuðust einnig óhjákvæmilega af heimsfaraldri kórónuveiru og nauðsynlegum viðbrögðum vegna faraldursins.

Ráðuneytið á tímum faraldurs

Fjárfestingaáttak stjórnvalda

Sérstöku fjárfestingaáttaki stjórnvalda var hrundið af stað í mars í fyrra til að sporna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þar var ákveðið að setja 6,5 milljarða kr. í samgöngumál, 550 milljónir í uppbyggingu fjarskiptakerfa og 300 milljónir til byggðamála fyrir árið 2020. Fjárfestingaframlögin bættust við önnur framlög í þessum málaflokkum á fjárlögum. Til viðbótar bættast við eftirfarandi fjárfraðlög í samgöngur; 11,8 milljarðar árið 2021, 8,6 milljarðar kr. 2022, 5 milljarðar kr. 2021 og 1,75 milljarðar kr. hvert ár 2024-2026.

Markmið átaksins er að ráðast í arðbærar fjárfestingar og um leið auka eftirspurn eftir vinnuafli og örva landsframleiðslu á tímum samdráttar. Á sviði samgangna var meðal annars um að ræða fjölbreyttar nýframkvæmdir í innviðum þar sem undirbúningur var vel á veg kominn og hægt að ráðast í strax en einnig viðhaldsverkefni. Verkefni eru um land allt og taka til allra samgöngugreina, þ.e. vega, flugvalla og hafna. Stærstur hluti fjárfestingarinnar er í vegakerfinu, nýframkvæmdir, breikkun einbreiðra brúa og gerð hringtorga auk viðhalds vega.

Aðgerðir á vegum ráðuneytisins til stuðnings sveitarfélögum voru fjórþættar: 250 milljónir kr. voru lagðar í sértækan stuðning við Suðurnes til að fylgja eftir aðgerðaáætlun ráðherraskipaðrar nefndar um málefni svæðisins. 100 milljónum kr. var veitt til stafrænnar þróunar á vegum sveitarfélaga til að bæta þjónustu og auka samskipti. Þá var Byggðastofnun falið að greina vanda sem blasir við einstökum sveitarfélögum og svæðum sem tengist Covid-19 faraldrinum, m.a. vegna hruns ferðaþjónustunnar. Loks var sveitarfélögum veittur tímabundin heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað.

Sveitarfélögum skapað svigrúm á upphafsdögum

Þegar um miðjan mars samþykkti Alþingi tillögu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um að gera breytingar á sveitarstjórnarlögum til að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir yrðu starfhæfar. Ráðherra fékk heimild til að veita sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn væri starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þannig voru reglur um fjárfundi rýmkaðar til að bregðast við tilmælum yfirvalda um sóttvarnir, án þess að það torveldi ákvarðanatöku innan stjórnkerfis sveitarfélaga. Þessi heimild var framlengd með ákvörðun Alþingis haustið 2020 en fest endanlega í sveitarstjórnarlög vorið 2021.

Ýmis framlög til sveitarfélaga úr byggðaáætlun

Ýmis framlög voru veitt úr byggðaáætlun Vegna Covid-19 faraldursins. Framlög að upphæð 100 milljónir kr. til sveitarfélaga voru settar í verkefnið Brothættar byggðir, 200 milljónir kr. til sóknar-áætlana landshluta og 30 milljónir kr. í félagsþjónustu og barnavernd. Þá var veitt sérstakt 150 milljón kr. framlag til sex sveitarfélaga sem hafa orðið fyrir miklum búsifjum vegna hruns í ferðaþjónustu eftir greiningu Byggðastofnunar á vanda sveitarfélaga í kjölfar Covid-19.

Fimm milljarða innspýting til sveitarfélaga

Aðgerðir til að veita sveitarfélögum fjárhagslega viðspyrnu voru kynntar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í október 2020. Viðbótarframlög ríkissjóð með nýjum aðgerðum námu rúmum 3,3 milljörðum króna





en heildarstuðningur til sveitarfélaga á grundvelli yfirlýsingarinnar nemur rúmum 4,8 milljörðum króna. Viljayfirlýsing um aðgerðirnar og samkomulag um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga voru undirrituð af fulltrúum ríkis og sveitarfélaga.

Meðal aðgerða voru framlög til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks (670 m.kr.), framlög til sveitarfélaga þar sem kostnaður við fjárhagsaðstoð er yfir nánar tilgreindum mörkum (720 m.kr.), stuðningur til sveitarfélaga sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins (500 m.kr.). Þá var tryggingargjald lækkað tímabundið sem samsvarar viðbótarútgjöldum launagreiðenda vegna launahækkana í tengslum við lífskjarasamning (480 m.kr.) og stuðningur við stefnumarkandi áætlun stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukna sjálfbærni þess með sameiningum sveitarfélaga (935 m.kr.). Loks var veitt heimild til að nýta 1.500 m.kr. úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 2020 og 2021 til þess að veða upp á móti lækkun almennra tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins.

Sveitarfélögum veitt svigrúm til fjárfestinga

Vorið 2021 samþykkti Alþingi loks lög um breytingar á ýmsum lögum um málefni sveitarfélaga í tilefni af Covid-19 faraldrinum. Með lögunum var m.a. tryggt að sveitarfélög hafi svigrúm til að ráðast í auknar fjárfestingar og mæta aðsteðjandi vanda í rekstri vegna þeirra áhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á íslenskt efnahagslíf og búskap hins opinbera, sveitarfélögum auðveldað að koma til móts við rekstraraðila sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna faraldursins, þannig að sveitarfélög geti sýnt aukinn sveigjanleika við innheimtu, og starfhæfi sveitarstjórna tryggt við óvenjulegar aðstæður, s.s. vegna farsóttar eða náttúruhamfara.

Stuðningur við flugsamgöngur

Heildarframlög til að tryggja lágmarks flugsamgöngur til og frá landinu vegna Covid-19 faraldursins námu tæplega 350 milljónum króna árið

2020. Gerðir voru samningar við Icelandair að loknum verðkönnunum, í fyrstu um flug til Stokkhólms, London og Boston en frá miðju ári eingöngu til Boston.

Markmið samninganna hefur verið að tryggja mikilvægar flugsamgöngur til og frá landinu. Í upphafi var það ennfremur gert til að tryggja að íslenskir ríkisborgarar, sem staddir voru erlendis, gætu fundið sér leið heim í upphafi faraldursins. Sambærilegir samningar voru gerðir í upphafi faraldursins til að tryggja flug innanlands til Ísafjarðar og Egilsstaða og síðar til Vestmannaeyja.

Stuðningur vegna tekjufalls í samgöngubjónustu

Mikill samdráttur varð í fjölda farþega í öllum samgöngumátum. Brugðist var við með því að skera niður þjónustu eins og forsvaranlegt var en dugði skammt til þess að veða á móti tekjutapinu. Veittir voru tekjufallsstyrkir fyrir 754 milljónir kr. til að mæta tekjufalli almenningsamgangna í lofti, á láði og legi.

Lagabreytingar vegna leigubifreiða

Lagt var fram lagafrumvarp á Alþingi sem veitti leigubifreiðastjórum auknar heimildir til þess að tímabundið skila inn leyfi sínu og komast um leið hjá þeim kostnaði sem þeim fylgja.

Álagningu gjalda frestað

Álagningu vanrækslugjalds vegna skoðunar ökutækja var í tvígang frestað tímabundið vegna COVID-19 faraldursins vorið 2020. Gripið var til frestunar í mars og apríl vegna aðstæðna í samfélaginu í tengslum við útbreiðslu Covid-19 kórónaveirunnar. Frestunin stuðlaði m.a. að því að fólk geri sér ekki sérstaka ferð, oft um langan veg, til að fá skoðun. Einnig hafði skoðunarstöðvum verið lokað vegna ástandsins.



Stofnanir

Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyra undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna. Hlutabréf í opinberu hlutafélagunum eru á hinn bóginn í höndum í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og það kemur í hlut fjármála- og efnahagsráðherra að skipa stjórnir þeirra.



Stofnanir



Byggðastofnun

Hlutverk Byggðastofnunar er samkvæmt lögum að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök og aðra haghafa.

Alls starfa 26 manns hjá Byggðastofnun.



Póst- og fjarskiptastofnun

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstpjónustu fyrir alla landsmenn. Helstu verkefni eru að hafa eftirlit með fjarskiptamarkaði og póstpjónustu, styðja við uppbyggingu fjarskiptainniða, neytendavernd og alþjónustu í póstpjónustu og fjarskiptum og að efla netöryggi og öryggi fjarskiptaneta.

Alls starfa 30 manns hjá Póst- og fjarskiptastofnun.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Nefndin starfar eftir lögum um rannsókn samgönguslysa. Í lögnum er fjallað um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum) og skiptast rannsóknir í þessa flokka. Frá árinu 2018 hefur nefndin einnig rannsakað köfunarslys.

Hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfa 7 manns í fullu starfi. Sjö aðalmenn og sex til vara eru skipaðir í nefndina af ráðherra til fimm ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð árið 2018.



Samgöngustofa

Samgöngustofa fer með stjórnýslu samgöngumála og annast eftirlit í flugi, siglingum, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Frá þeim tíma að Samgöngustofa var stofnuð árið 2013 og tók við verkefnum sem áður heyrðu undir Flugmálastjórn, Umferðarstofu, Siglingastofnun og Vegagerðina, hefur markvisst verið unnið að samþættingu verkefna, hagræðingu og aukinni rafvæðingu í þjónustu.

Í lok árs 2020 störfuðu 139 manns hjá Samgöngustofu.



Vegagerðin

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og annast öruggt samgöngu-kerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Markmið Vegagerðarinnar er að tryggja samgöngur allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og sér um vegagerð, þjónustu og viðhald vegna. Vegagerðin rekur landsvita-kerfi og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Vegagerðin hefur umsjón með hafnabótasjóði sem veitir styrki til framkvæmda í höfnum.

Í lok árs 2020 störfuðu 327 manns hjá Vegagerðinni.



Þjóðskrá Íslands

Hlutverk Þjóðskrár er að safna, varðveita og miðla gögnum er varða fólk og fasteignir. Þjóðskrá heldur utan um grunnskrárnar þjóðskrá og fasteignaskrá, gefur út skilríki og vottorð og metur fasteignir. Réttar og uppfærðar upplýsingar úr grunnskránum eru verðmætastu og nýttast hinu opinbera sem og einka-aðilum. Þjóðskrá Íslands þjónustar aðra opinbera aðila með hugbúnaðarþróun, þjónustuveri og tölvurekstri. Lögð er áhersla á samnýtingu gagna og upplýsinga-tækni auk þess sem sjálfvirk og notendamiðuð þjónusta er í forgrunni. Framtíðarsýn Þjóðskrár er „hvar sem er- hvenær sem er“ sem vísar til þess að hægt sé að nálgast gögn og þjónustu í rauntíma á stafrænan hátt.

Í lok árs 2020 störfuðu 106 starfsmenn hjá Þjóðskrá



Isavia

Isavia er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag sem sér um rekstur Keflavíkur-flugvallar, flugleiðsöguþjónustu og innanlandsflugvallarkerfis á grundvelli þjónustusamnings við samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytið. Undir Isavia ohf. starfa þrjú dótturfélög. Isavia Innan-landsflugvellir sem rekur öflugt net innanlandsflugvalla á Íslandi, Isavia ANS sem annast flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims og Fríhöfnin sem rekur verlanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Framtíðarsýn Isavia er að Ísland verði miðstöð flugs á Norður Atlantshafi.

Í lok árs 2020 unnu 968 manns hjá Isavia ohf. og dótturfélögum þess.




Íslandspóstur ohf.

Íslandspóstur er opinbert hlutafélag og hlutverk þess er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með dreifingar-, samskipta- og flutninga lausnum um allt land og allan heim. Dreifikerfi Íslandspósts nær til allra heimila og fyrirtækja landsins. Pósthús og landpóstar veita viðskipta-vinum alhliða pósthjónustu, óháð staðsetningu. Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum pósthjónustum og samstarfs-fyrirtækjum um vörusendingar til og frá Íslandi og myndar þannig tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim.

Árið 2020 voru 601 stöðugildi hjá Íslandspósti.






Starfsemi

Stefnumótun

Stefnumótun er forsenda framfara og eru stefnur og áætlanir unnar fyrir alla málaflokka ráðuneytisins. Með aukinni samhæfingu þeirra gefst kostur á að horfa lengra en til verkefna einstakra málaflokka og hámarka þannig árangur.



Stefnur og áætlanir í öllum fagmálaflokkum ráðuneytisins

Stórt skref var stigið á árinu þegar samþykkt var á Alþingi þingsályktun um stefnu og áætlun í málaflokki sveitarfélaga. Stefnan er sú fyrsta sinnar tegundar og kallast stefnumótandi áætlun um málefni sveitarfélaga. Með þessum áfanga eru nú til staðar stefnur og áætlanir í öllum fagmálaflokkum ráðuneytisins. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er fyrsta ráðuneytið sem nær þannig að uppfylla 20 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 sem fjallar um stefnumótun fyrir málefna svið.

Ávinningur og aðferðafræði við samhæfingu stefna og áætlana

Aukin samhæfing stefna og áætlana byggir á skýrum áherslum með sameiginlega framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir alla málaflokka sem ganga með samræmdum hætti í gegnum allar áætlarnir. Með samhæfingu gefst kostur á að hámarka árangur og jákvæð áhrif stefnumótunarinnar enda er tekið mið

af tengdum málefnum og horft lengra en til sérstakra verkefna einstakra málaflokka. Samhæfing felur í sér margþættan samfélagslegan ávinning s.s. möguleika á betri nýtingu fjármuna og auknið gegnsæi með samvinnu málaflokka um sambærilegar eða sameiginlegar áherslur og aðgerðir.

Ráðuneytið gaf á árinu út kynningarrit um stefnumótun og samhæfingu áætlana ráðuneytisins. Þetta er í fyrsta sinn sem rit af þessu tagi er gefið út um samhæfingu áætlana í Stjórnarráðinu. Þar er fjallað um samhæfingu í breiðu tilliti og sýnt hvernig vinna má með árangursríkari hætti að verkefnum hins opinbera með því að ná víðtækri þátttöku ólíkra málaflokka.

Næstu skref samhæfingar

Þá var á árinu einnig unnið frumvarp um samhæfingu áætlana hjá ráðuneytinu en það hefur tvíþættan

tilgang. Annars vegar einfaldar og sameinar frumvarpið regluverk um gerð stefna og áætlana málaflokka byggðamála, samgangna og fjarskipta. Hins vegar er samhæfing gerð að kröfu og vinnsla og framsetning stefna og áætlana uppfærð í takti við nýja tíma. Frumvarpið er í þinglegri meðferð Alþingis.

Annað verkefni á grundvelli samhæfingar áætlana er að þær séu unnar á samræmdan hátt en ákveðin samlegð fæst með því að undirbúa áætlarnir á svipuðum tíma. Haustið 2020 hófst undirbúningur að gerð stöðumats/grænbóka í málaflokkum byggðamála, samgangna og fjarskipta. Grænbókunum verður fylgt eftir með samhæfðum stefnum og áætlunum. Um leið er verið að færa alla stefnumótun og áætlanagerð hægt og örugglega inn í svokallaðan sporbaug stefnumótunar sem er sú aðferðafræði stefnumótunar sem Stjórnarráðið hefur komið sér saman um að nota.

Mannauður

Það er stefna ráðuneytisins að hafa ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem sýnir frumkvæði í störfum, veitir góða þjónustu og bregst við síbreytilegum þörfum samfélagsins.

Ný mannaútsstefna ráðuneytisins var samþykkt árið 2019. Þar er lögð rík áhersla á starfsánægju og heilbrigði starfsfólks, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti, góðan aðbúnað á vinnustað, jákvæð samskipti, faglega og styðjandi stjórnun og tækifæri fyrir starfsfólk til símenntunar og þróunar í starfi. Þá er það ófrávikjanlegt markmið mannaútsstefnu að einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni fyrirfinnist ekki í ráðuneytinu.

Það var rík ástæða til að huga að mannaútsmálum á tímum heimsfaraldurs og samkomutakmarkana. Vinnustöðvar flestra starfsmanna fluttust að miklu leyti heim en 86% starfsmanna unnu að heiman í lengri eða skemmri tíma. Starfsfólk sýndi mikla aðlögunarhæfni og tileinkaði sér fljótt nýjar leiðir í samskipum og vinnuháttum þar sem fjarfundir urðu hið nýja viðmið. Starfsfólk var almennt ánægt með hvernig gekk að vinna verkefni að heiman.

Þrátt fyrir að starfsfólk væri mestan hluta hvert á sinni vinnustöð mældist samheldni hærrí en árið á undan í vinnustaðakönnun, fór úr 3,92 í 4,14. Fjarvistir vegna veikinda minnkuðu enn frekar á milli ára og mældist hlutfall veikindadaga 3,28%. Veikindadögum fækkaði þannig um 69 daga á milli ára. Stærsta áskorunin lá þó í sókn í símenntun en það dró töluvert úr þátttöku í námskeiðum og símenntun.

Viðmiðum náð á árinu

Í mannaútsstefnunni eru sett fram ýmis viðmið um árangur. Árangurinn er m.a. mældur í reglulegum vinnustaðakönnunum sem framkvæmdir eru í öllu Stjórnarráðinu. Þrjár kannanir voru gerðar á árinu 2020.

Starfsánægja mælist góð hjá ráðuneytinu, eða í 4,11 af 5 mögulegum. Samkvæmt könnuninni upplifir starfsfólk sveigjanleika í vinnu og telur sig eiga gott með að samræma fjölskyldu- og einkalíf. Sá liður hækkar á milli ára og mælist 4,71. Þá er starfsfólk ánægt með samskipti á vinnustaðnum en þau mælast í 4,50 og hækkar frá fyrra ári. Almenn ánægja ríkir með aðstöðu og aðbúnað í ráðuneytinu og mælist 4,09. Einnig er ánægja með hve vel er tekið í óskir um símenntun og mælist 4,39.

Jafnrétti og jafnlaunavottun

Starfsfólk ráðuneytisins telur mikið jafnrétti milli kynja ríkja innan ráðuneytisins, en það mælist 4,62. Endurspeglast það einnig í kynjahlutfalli í yfirstjórn ráðuneytisins sem skipar þrjár konur og tvo karla. Vottaðir úttektaraðilar gerðu úttekt á jafnlaunakerfi ráðuneytisins og hlaut ráðuneytið jafnlaunavottun í febrúar 2019 og viðhaldsvottun í janúar 2020.

Starfsfólk ráðuneytisins

Í lok árs 2020 störfuðu 42 starfsmenn í ráðuneytinu í föstu starfi og 3 starfsmenn í tímabundnu starfi, alls 43,7 stöðugildi, auk ráðherra og aðstoðarmanna. Kynjahlutfall í ráðuneytinu er nokkuð jafnt en hjá ráðuneytinu starfa 24 konur og 18 karlar í föstum stöðugildum. Langflestir starfsmenn ráðuneytisins eru háskólamenntaðir, eða 98%. Þar af er 90% starfsmanna með meistaraþráðu eða lengri menntun. Meðalaldur starfsmanna er 49,3 ár og meðal starfsaldur hjá ráðuneytinu tæp 10 ár. Starfsmannavelta er lítil eða um 2%.

43

Starfsfólk

24

Konur

19

Karlar

Meðalaldur 49,3 ár

Meðalstarfsaldur 10 ár

Vinnustaðakönnun, helstu niðurstöður

4,14

Samheldni

4,11

Starfsánægja

4,71

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

4,39


Símenntun og starfsþróun

4,62

Jafnrétti á vinnustað

Heimild: Vinnustaðakönnun Maskínu haustið 2020

Háskólamenntun starfsmanna



- Félagsgreinar
- Raungreinar
- Viðskipta- eða hagfræði
- Löggæði
- Stjórn málafræði

Fjármál og rekstur

7,3% af fjárlögum

Hlutdeild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í fjárlögum 2020 nam ríflega 73 ma.kr. eða 7,3% af heildarútgjöldum ríkisins. Hlutfall helst óbreytt frá fyrra ári. Skiptingu milli ráðuneyta má skoða í meðfylgjandi kökuriti.

Hlutdeild málefnsviða

Mest fjármagn rennur til samgangna og fjarskipta, eða 65%. En framlög til sveitarfélaga og byggðamála koma þar næst með 32% hlutdeild.

5 græn skref af 5 mögulegum á árinu 2020




Ráðuneytið tekur virkan þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Öll fimm grænu skrefin hafa verið innleidd en viðurkenning fyrir fjórða og fimmta skrefið var afhent í desember 2020. Markmið Grænna skrefa er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi opinberra stofnana og efla umhverfisvitund starfsfólks.

Kolefnisjöfnun starfsemi

Ráðuneytið hefur sett sér markmið um að kolefnisjafna starfsemi sína. Frá og með fyrsta heila starfsári ráðuneytisins, 2018, hefur starfsemin verið kolefnisjöfnuð. Árið 2020 var kolefnisjafnað í samstarfi við Kolvið.

Launakostnaður 84%

Rekstrarfjárheimild aðalskrifstofu ráðuneytisins nam 693,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2020. Þar af nam framlag úr ríkissjóði 593,9m kr. en 99,8 m.kr. voru í formi rekstartekna. Hlutfall launakostnaðar var 84% af rekstrarkostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins.



Fjárlög 2020

- Heilbrigðisráðuneytið
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Vaxtagjöld Ríkissjóðs
- Æðsta stjórn
- Forsætisráðuneytið
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Utánríkisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Dómsmálaráðuneytið
- Félagsmálaráðuneytið

Fjárveiting til málaflokka

- Samgöngu- og fjarskiptamál
- Fjölskyldumál
- Grunnskólar
- Sveitarfélög og byggðamál

Skipting útgjalda ráðuneytisins

- Launakostnaður
- Ferðir og fundir
- Rekstrarvörur
- Aðkeypt þjónusta
- Húsnæði
- Rekstrarkostnaður

7,3%
Af heildar-
útgjöldum ríkisins






Samráð

Mikil áhersla er lögð á samráð við almenning, atvinnulíf og sveitarstjórnir við mótun stefnu og í aðdraganda laga- og reglusetningar. Í samráðsgátt stjórnvalda – samradsgatt.island.is – eru kynnt ýmis áform og falast eftir umsögnum og ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Allir eru hvattir til að láta í sér heyra.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birti alls 54 mál til umsagnar í samráðsgáttinni árið 2020, þar af 14 drög að lagafrumvörpum og 22 drög að reglugerðum.

54
mál



Þingmál og nefndir

7

Þingmál samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra samþykkt

40

fyrirspurnir á Alþingi

23

lögbundnar nefndir og ráð

14

tímabundnar nefndir og starfshópar

Þingmál

Árið 2020 lagði ráðherra fram 14 þingmál fyrir Alþingi. Af þeim hefur helmingur verið samþykktur eða 4 frumvörp og 3 þingsályktanir. Hinn helmingurinn er ennþá til meðferðar hjá Alþingi.

Fyrirspurnir

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra svaraði 40 fyrirspurnum á Alþingi á árinu sem er svipaður fjöldi og árið áður þegar þær voru 41.

Nefndir og ráð

Undir málefna svið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis teljast nítján lögbundnar nefndir og ráð, tvær lögbundnar úrskurðarnefndir og tvær lögbundnar stjórnir. Í þeim eru 166 aðalmenn og 67 varamenn. Auk þess störfuðu 14 nefndir og starfshópar tímabundið á árinu 2020. Í þessum nefndum voru 84 aðalmenn og 5 varamenn.

Markmið um jafnt hlutfall karla og kvenna í nefndum náðist á árinu 2020 en samkvæmt jafnréttislögum skal hlutfall hvors kyns í opinberum nefndum vera sem jafnast og ekki minna en 40%. Hlutfall kynja í lögbundnum nefndum og ráðum sem heyra undir ráðherra var 42% konur og 58% karlar. Í tímabundnum nefndum var hlutfall kvenna 43% og karla 57%.

Samþykkt frumvörp

29. maí 2020

- [Leigubifreiðar \(innlögn atvinnuleyfis\)](#)

29. júní 2020

- [Samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir](#)

29. júní 2020

- [Svæðisbundin flutningsjöfnun \(niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara\)](#)

16. des. 2020

- [Skráning einstaklinga \(kerfiskennitala og afhending upplýsinga úr þjóðskrá\)](#)

Samþykktar þingsályktanir

- [Fimmtán ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034](#)
- [Fimm ára samgönguáætlun 2020-2034 \(aðgerðaáætlun\)](#)
- [Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2019-2033 og aðgerðaáætlun 2019-2023](#)




Stjórnsýsluúrskurðir

Árlega berast fjöldi kæra til ráðuneytisins. Kæror 2020 voru 49 sem fækkun frá fyrra ári þegar þær voru óvenjumargar eða 65. Kæror eru oftast í kringum 40 á ári. Gæði úrskurða haldast áfram góð og engin mál borin undir dómstóla. Myndin sýnir hvernig 49 kæror ársins 2020 skipast eftir málaflokkum. Á árinu 2020 voru 85 kæror til meðferðar, en heildar fjöldinn skýrist af óloknum málum frá fyrra ári.

Úrskurðað var í 41 kærumáli á árinu, en árið áður var úrskurðað í 61 máli.

Myndin sýnir hvernig þær 49 kæror sem bárust á árinu 2020 skiptast eftir málaflokkum




Innkomnar kæror árið 2020 og skipting eftir málaflokkum




Málshraði jókst

Markmið ráðuneytisins um málshraða er að 90% kærumála sé lokið innan sex mánaða. Málshraði jókst lítillega á milli ára og hefur aukist tvö ár í röð. Árið 2018 var 22% mála lokið á innan við sex mánuðum 2018 en hlutfallið var 44% árið 2020. Meðalmálshraði árið 2020 var 7,5 mánuðir. Ráðuneytið leggur nú sérstaka áherslu á að fækka þeim málum sem taka lengri tíma en 12 mánuði.




Málshraði árið 2020




Ákvörðun staðfest í helmingi tilfella

Í 41 máli sem lauk með niðurstöðu á árinu 2020 var stjórnsýsluákvörðun stofnunar staðfest í 54% tilvika en í 17% tilvika var ákvörðun felld úr gildi eða úrskurðuð ólögð. Undir flokkinn annað falla 12 mál sem lýkur ekki með niðurstöðu t.d. mál sem vísað er frá eða eru felld niður.

Myndin sýnir niðurstöður 41 máls sem lauk á árinu.



Niðurstöður úrskurða árið 2020



Samskipti

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur frumkvæði að því að veita tímanlegar, traustar og áhugaverðar upplýsingar sem ná til landsmanna.

Nýliðið ár var viðburðaríkt í málaflokkum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Margir áfangar náðust af þeim stefnumálum sem ráðherra setti sér að ljúka á kjörtímabilinu. Verkefni ráðuneytisins mörkuðust þó óhjákvæmilega af heimsfaraldri kórónuveiru og nauðsynlegum viðbrögðum vegna faraldursins. Af þessum ástæðum voru fréttir ráðuneytisins yfir árið óvenju margar eða 213 talsins. Þær fréttir sem mest voru lesnar tengdust einnig allar viðbrögðum og efnahagslegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar við faraldrinum, eins og sjá má á lista yfir mest lesnu fréttir ársins á síðunni.

Upplýsingamiðlun á vegum ráðuneytisins byggir á mótaðri samskiptastefnu sem tók gildi í mars 2019. Markmið stefnunnar eru þrjúþætt: Frumkvæði að því að kynna framtíðarsýn og málaflökka ráðuneytisins; birta gögn að fyrra bragði í takt við stefnu um opna stjórnslu og gagnsæi; og veita svör við fyrirspurnum og álitamálum hratt og örugglega. Á grunni samskiptastefnu ráðuneytisins er samin kynningaráætlun fyrir allt að eitt ár í senn.

Vefur ráðuneytisins er meginsamskiptamiðill ráðuneytisins en auk hans nýtir ráðuneytið ýmsa aðra miðla, s.s. Facebook til að auka upplýsingastreymi til almennings. Einnig voru haldnir fundir og ráðstefnur á vegum ráðuneytisins en nú fyrst og fremst streymt á vefnum vegna faraldursins.

Tíu mest lesnu fréttir og síður

1. Viðspyrna fyrir Ísland - efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 – 21. mars
2. Varnir, vernd og viðspyrna gegn efnahagslegum og félagslegum áföllum – 21. apríl
3. Viðspyrna fyrir íslenskt efnahagslíf – 10. mars
4. Viðspyrna fyrir Ísland: Viðspyrnustyrkir og stuðningur við atvinnuleitendur ... – 20. nóvember
5. Stafræn ökuskipteini komin á Ísland.is – 1. júlí
6. Lágmarks millilandaflug tryggt í sumar með nýjum samningi við Icelandair – 15. maí
7. Stjórnvöld hraða ljósleiðaravæðingu í dreifbýli – 12. júní
8. Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum – Ísland uppfyllir skuldbindingar og gott betur – 23. júní
9. Sautján aðgerðir kynntar til að efla sveitarfélög á Suðurnesjum – 20. maí
10. Álagningu vanrækslugjalda vegna skoðunar ökutækja frestað um mánuð – 25. mars

213

fréttir á vef
árið 2020

113

færslur birtar
á Facebook árið 2020

1.146

fylgjendur
á Facebook árið 2020



1. janúar

Ný lög um póstpjónustu taka gildi. [Nánar >](#)

1. janúar

Ný lög um skráningu einstaklinga taka gildi. [Nánar >](#)

17. janúar

Nýjar forsendur geta flýtt tvöföldun Reykjanesbrautar. [Nánar >](#)

6. febrúar

Nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf bar hæst á formennsku-ári Íslands 2019. [Nánar >](#)

9. febrúar

Netöryggiskeppni íslenskra ungmenna haldin í Hörpu. [Nánar >](#)

24. febrúar

Fyrsta flugstefna Íslands kynnt sem hluti af samgönguáætlun. [Nánar >](#)

19. febrúar

Ráðherra tekur þátt í heimspingi um umferðaröryggi og ráðstefnu YOURS, samtaka ungs fólks um umferðaröryggi. [Nánar >](#)

**12. febrúar**

Frumvarp um lágmarksíbúa-fjölda í sveitarfélögum kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

**28. febrúar**

Átakshópur skilar skýrslu um flýtingu innviðaframkvæmda og áætlun um 540 aðgerðir. [Nánar >](#)

5. mars

Frumvarp um íslensk landshöfuðlén lagt fram á Alþingi. [Nánar >](#)

10. mars

Viðspyrna fyrir Ísland: Fyrstu aðgerðir kynntar íslenskt efnahagslíf vegna Covid-19. [Nánar >](#)

**12. mars**


Frumvarp kynnt til að tryggja að sveitarstjórnir geti starfað við neyðarástand. [Nánar >](#)

25. mars

Framkvæmdum á flugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum flýtt. [Nánar >](#)

21. mars

Viðspyrna fyrir Ísland. Efnahagsaðgerðir stjórnvalda kynntar vegna Covid-19. [Nánar >](#)

**19. mars**

Ferðavenjur allra Íslendinga kortlagðar í nýrri ferðavenjukönnun. [Nánar >](#)

18. mars

Frumvarp lagt fram á Alþingi um samvinnuverkefni um sex afmarkaðar vegaförum. [Nánar >](#)

**29. mars**

Ráðherra úthlutar 133,6 milljónum kr. í styrki til fjarvinnslustöðva úr byggðaáætlun. [Nánar >](#)

30. mars

Aðgerðahópur kynntur tillögur um viðbyggingu við flugstöðina á Akureyri. [Nánar >](#)

31. mars

Fjárfestingaáttak ríkisstjórnar kynnt: Miklar fjárfestingar í samgöngum, fjarskiptum og byggðamállum til að vinna gegn samdrætti. [Nánar >](#)



3. apríl

Lágmarks flugsamgöngur tryggðar með samningi við Ícelandair. [Nánar >](#)

17. apríl

Aukið norrænt fjármagn til að mæta Covid-19. [Nánar >](#)

21. apríl

Viðspyrna fyrir Ísland. Varnir, vernd og viðspyrna gegn efnahagslegum og félagslegum áföllum. [Nánar >](#)

29. apríl

Vegagerðinni falið að skoða tvo kosti um legu Sundabrautar. [Nánar >](#)




14. maí

Tilkynningagátt opnuð í baráttu gegn ógnum á netinu og misnotkun persónuupplýsinga. [Nánar >](#)

13. maí

Ráðherra úthlutar 200 milljóna kr. viðbótarfjárveitingu til sóknaráætlana. [Nánar >](#)



30. apríl

Nýsköpunar- og þróunarverkefni ýtt úr vör á Flateyri. [Nánar >](#)



18. maí

Samantekt Byggðastofnunar sýnir að mörg sveitarfélög standi illa stödd vegna hruns ferðabjónustu. [Nánar >](#)

20. maí

Sautján aðgerðir kynntar til að efla sveitarfélög á Suðurnesjum. [Nánar >](#)



27. maí

Almenningssamgöngur milli byggða tryggðar með auknum fjárstuðningi. [Nánar >](#)

12. júní

Stjórnvöld hraða ljósleiðaravæðingu í dreifbýli með úthlutun styrkja að upphæð 443 milljóna kr. [Nánar >](#)



12. júní

Samráð um endurskoðun byggðaáætlunar hafin. [Nánar >](#)



5. júní

Ráðherra fjallar um sóknarfæri í orkuskiptum í samgöngum á aðalfundi Bílgreinasambands Íslands. [Nánar >](#)

12. júní

Áform kynnt um flugstöð á Reykjavíkurlugvelli. [Nánar >](#)



23. júní

Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum kynnt. [Nánar >](#)

29. júní

Samgönguáætlun sem boðar miklar framkvæmdir um land allt og fjölmörg ný störf samþykkt á Alþingi. [Nánar >](#)



1. júlí

Stafræn ökuskríteini tekin í notkun. [Nánar >](#)

**13. júlí**

Samvinnuverkefni kynnt um lagningu ljósleiðara um Kjöl sem tengir Norðurland og Suðurland. [Nánar >](#)

**29. júlí**

Áform kynnt um ný lög um uppbyggingu, rekstur og þjónustu á flugvöllum. [Nánar >](#)

28. ágúst

Samið við Ljósíð um þjónustu við fólk á landsbyggðinni. [Nánar >](#)

**20. ágúst**

Ráðuneytið lýkur frumkvæðisathugun á samstarfssamningum sveitarfélaga. [Nánar >](#)

18. ágúst

Sex sveitarfélög fá stuðning vegna hruns í ferðaþjónustu vegna faraldursins. [Nánar >](#)

13. ágúst

Höfðaborgarsamningur um alþjóðleg tryggingarréttindi loftfara fullgiltur. [Nánar >](#)

1. september

Tímamót verða þegar ný lög um net- og upplýsingaöryggi taka gildi. [Nánar >](#)

6. september

Demantshringurinn á Norðurlandi opnaður með viðhöfn. [Nánar >](#)

8. september

Tilraunasamstarf kynnt um að knýja stórvirk farartæki með repjuólú. [Nánar >](#)

**9. september**

Íbúar á landsbyggðinni fá lægri flugfargjöld með Loftbrú. [Nánar >](#)

18. september

Ellefu verkefni á sviði almenningssamgangna fá úthlutað 32,5 milljónum úr byggðaáætlun. [Nánar >](#)

17. september

Ráðherra kynnrir fimm milljóna framlag til að endurnýja búnað til bíltæknirannsóknna á Selfossi. [Nánar >](#)

**11. september**

Tillaga um að tryggja fjármögnun nýs fjarskiptasæstrengs milli Íslands og Írlands samþykkt í ríkisstjórn. [Nánar >](#)

**30. september**

Jöfnunarsjóður bætir við 200 milljónum kr. vegna þjónustu við fatlað fólk. [Nánar >](#)

1. október

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga kynnt um afkomu- markmið og efnahag sveitarfélaga fyrir 2021-2025. [Nánar >](#)

1. október

Innviðaupbygging í sögulegu hámarki á tímabili fjármálaáætlunar 2021-2025. [Nánar >](#)

1. október

Mestu fjárfestingar í samgöngum frá upphafi, stórefling netöryggismála og jákvæð byggðapróun kynntar í fjárlögum. [Nánar >](#)

2. október

Ráðstefnan Netöryggi okkar allra haldin í tilefni af evrópska netöryggismánuðinum. [Nánar >](#)

2. október

Opinbert hlutafélag stofnað um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. [Nánar >](#)



6. október

Ráðherra kynnrir aðgerðir sem fela í sér fimm milljarða innspýtingu til sveitarfélaga. [Nánar >](#)

20. október

Ráðherra mælir fyrir frumvarpi að nýjum heildarlögum um fjarskipti. [Nánar >](#)

20. október

Ný heildarlög um loftferðir kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

25. október

Dýrafjarðargöng opnuð og marka tímamót fyrir samgöngur á Vestfjörðum. [Nánar >](#)



23. október

Skýrsla um óháða úttekt á framkvæmd og nýtingu Landeyjahafnar gefin út. [Nánar >](#)

20. október

Ráðherra mælir fyrir heildarlögum um skip sem tryggja eiga öryggi skipa og einfalda lagaumhverfi. [Nánar >](#)

20. október

Mælt fyrir lagabreytingu til að andvana fædd börn eftir 22. viku fái kennitölu til að tryggja réttindi foreldra (samb. 16. des.) [Nánar >](#)

11. nóvember

Frumvarp um breytingu á hafnalögum kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

15. nóvember

Minningarstundir haldnar víða um land til að minnst fórnarlamba umferðarslysa. [Nánar >](#)



17. nóvember

Frumvarp um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta-, og byggðamála kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

18. nóvember

Jöfnunarsjóður varinn með sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. [Nánar >](#)

4. desember

Varaafli bætt á 68 fjarskipta-stöðum um land allt á árinu. [Nánar >](#)

3. desember

Tæpir sjö milljarðar í hafna-framkvæmdir og sjóvarnir á árunum 2020-2025. [Nánar >](#)

30. nóvember

Frumvarp til laga um Fjarskipta-stofu kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

20. nóvember

Viðspyrna fyrir Ísland: Viðspyrnu-styrkir og stuðningur við atvinnuleitendur, lífeyrisþega, barnafjölskyldur og félagslega viðkvæma hópa. [Nánar >](#)



9. desember

Fjórða og fimmta græna skrefið í höfn hjá ráðuneytinu. [Nánar >](#)



10. desember

Ráðherra úthlutar 76,5 milljónum kr. úr byggðaáætlun til sértækra verkefna sóknaráætlansvæða. [Nánar >](#)

16. desember

Samið um lágmarksflug-samgöngur til Vestmannaeyja fram til vors 2021. [Nánar >](#)

29. desember

Fyrsta grænbók um byggðamál kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)



Ársskýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 2020

1. Stjórnarmálefni ráðuneytisins


Stjórnarmálefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skiptast milli sjö málaflokka á fjórum málefnasviðum en þau eru:

- **Málefnasvið 6, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.**
- **Málefnasvið 8, Sveitarfélög og byggðamál.**
- **Málefnasvið 11, Samgöngu- og fjarskiptamál.**
- **Málefnasvið 29, Fjölskyldumál.**

Síðastnefnda málefnasviðið er á forræði félagsmálaráðuneytisins en einn fjárlagaliður, þ.e. meðlög skv. lögum nr. 76/2003, er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Um er að ræða svokallaðan gegnumstreymislið sem ráðuneytið hefur litla aðkomu að og verður því ekki fjallað um það svið.

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar alls 87.335 m.kr.



Mynd 1. sýnir raunútgjöld málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.



¹ Þar sem ríkisreikningur liggur ekki fyrir eru einungis bráðabirgðatölur í ársskýrslunni.



2. Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Í töflu 1 eru málaflokkar þeirra málefnasviða sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið á hlutdeild í. Raunútkoma felur í sér gjöld og tilfærslur í m.kr. að frádrögnum sértekjum og rekstrartekjum.

Tafla 1. Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.


	Raunútkoma	Fjárlög 2020	Fjárukalög	Flyting fram- kvæmda	Varasjóður	Höfuðstóll fyrri árs	Fjarheimild alls	Ársloka- staða	Frávik %
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	923	944	-3			58	1.031	107	12%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	923	944	-3			58	1.031	107	12%
08 Sveitarfélög og byggðamál	24.329	23.201	659	300	58	542	24.217	-112	0%
0810 - Framlög til sveitarfélaga	21.442	21.121	229			557	21.350	-92	0%
0820 - Byggðamál	2.887	2.080	430	300	58	-15	2.866	-20	-1%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	29.072	17.363	145	400	1.101	-408	28.084	-988	-3%
1110 - Samgöngur	26.263	15.245	140		1.101	-614	25.348	-915	-3%
1120 - Fjarskipti	2.047	1.350	10	400		118	1.893	-156	-8%
1130 - Stjórnslá samgönguráðuneytis	762	768	-5			88	845	83	11%
29 Fjölskyldumál	372	313				-60	313	-59	-16%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	372	313				-60	313	-59	-16%
Samtals málefnasvið / málaflokkar	54.696	41.821	800	700	1.159	133	53.644	-1.052	-2%

Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 2. Fjárfesting — málaflokkar.

	Raunútkoma	Fjárlög 2020	Fjáraukalög	Flyting fram- kvæmda	Varasjóður	Höfuðstóll fyrra árs	Fjarheimild alls	Ársloka- staða	Frávik %
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	89	70				-19	51	-38	-42%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	89	70				-19	51	-38	-42%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	32.550	28.414	30	5.857	60	3.912	38.294	5.743	18%
1110 - Samgöngur	32.509	28.396	-10	5.707	60	3.911	38.086	5.577	17%
1120 - Fjarskipti	40	12	40	150		-3	199	159	398%
1130 - Stjórnáæsla samgönguráðuneytis	2	5				4	9	7	432%
Samtals málefna svið / málaflokkar	32.639	28.484	30	5.857	60	3.893	38.345	5.706	17%

Fjárhæðir í milljónum króna





Undir málaflokk 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál heyrir Þjóðskrá Íslands. Málaflokkurinn var 107 m.kr., eða 12%, undir fjárheimild í árslok. Rekstur stofnunarinnar var liðlega 21 m.kr. undir heimild fjárlaga, en að teknu tilliti til flutnings fjárheimilda frá fyrra ári og afskriftaframlags var staðan jákvæð um 107 m.kr. eins og áður greinir. Rekstrarfjárfesting Þjóðskrár nam 89 m.kr. og var um 38 m.kr. yfir heimild ársins. Neikvæð staða kemur til frádráttar fjárfestingarheimild á yfirstandandi ári.

Undir málaflokk 8.1 Framlög til sveitarfélaga fellur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Framlög til sjóðsins voru um 92 m.kr. umfram áætlun fjárlaga sem mun verða leiðrétt. Málaflokkur 8.2 Byggðamál var um 20 m.kr. yfir fjárheimild sem aðallega má rekja til 10-731 Flutningssjóðs olíuvara en vegna fyrirkomulags við innheimtu tekna sjóðsins hefur myndast bókhaldslegur halli á sjóðnum síðustu ár. Ráðuneytið hefur óskað eftir að hallinn verði felldur niður samhliða útgáfu ríkisreiknings, en búið er að leggja sjóðinn niður í núverandi mynd og hefur verkefnið verið flutt yfir til Byggðastofnunar.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.1 Samgöngur námu 26.263 m.kr. sem er um 915 m.kr., eða 3%, yfir fjárheimild. Útgjöld Vegagerðarinnar voru um 795 m.kr. umfram fjárveitingu fjárlaga í árslok að teknu tilliti til yfirflutts halla frá fyrra ári. Að stærstum hluta er um að ræða uppsafnaðan halla á þjónustulið vegna aukins umferðarþunga og erfiðrar vetrarfærðar nokkur ár í röð. Útgjöld Hafnabótasjóðs voru um 88 m.kr. hærrí en fjárveiting ársins, en sjóðurinn átti hins vegar ónotaða fjárveitingu í formi fjárfestingarframlags. Óskað verður eftir breytingu á hagrænni flokkun í fjárukalögum ársins 2021 til að jafna hallann.

Fjárfestingar Vegagerðarinnar námu 31,9 ma.kr. samanborið við 37,0 ma.kr. fjárfestingarframlag að meðtöldum yfirflutningi frá fyrra ári. Óráðstöfuð fjárfestingarheimild nam því liðlega 5,1 ma.kr. í árslok 2020, sem leggst við heimild ársins 2021. Fjárhæðin er öll skuldbundin til framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar, en stofnunin greiðir eftir verkframtöndu.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.2 Fjarskipti og póstmál námu 2.047 m.kr. og voru 156 m.kr., eða 8%, yfir fjárheimild. Frávikið er bókhaldslegs eðlis vegna rangrar tegundaskiptingar fjárveitinga í tengslum við fjárfestingaáttak ríkisstjórnarinnar. Gerð verður tillaga um breytingu á hagrænni flokkun í fjárukalögum 2021 og mun frávikið þá jafnast út.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins námu 762 m.kr. og voru 83 m.kr., eða 11%, undir fjárheimild ársins. Útgjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins námu liðlega 597 m.kr. og voru 25 m.kr. undir fjárveitingu, sem er um 4% frávik. Þá var 37 m.kr. afgangur á fjárlagaliðnum 10-190 Ýmis verkefni í árslok. Frávikið skýrist af verkefnum sem frestuðust m.a. vegna áhrifa heimsfaraldursins.

Undir málaflokk 29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn heyrir eitt fjárlagaviðfang sem er á forræði ráðuneytisins, þ.e. 10.190.118 Meðlög samkvæmt lögum, nr. 76/2003. Útgjöld námu um 372 m.kr. og voru um 59 m.kr., eða 19%, yfir fjárveitingu. Um er að ræða lögbundin útgjöld vegna meðlagsgreiðenda sem búsettir eru erlendis. Fjarsýsla ríkisins sér um uppgjör á liðnum gagnvart Innheimtustofnun sveitarfélaga og Tryggingastofnun.

3. Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Um fjöllunin hér á eftir er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum þar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með forræði. Stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða á árinu.

Árangursmælingar markmiða sýna viðmið fyrir 2020 og raunniðurstöðu í árslok 2020. Einnig er sýnd raunniðurstaða frá 2019 til samanburðar. Í töflunum hér á eftir eru notaðir litir fyrir aðgerðirnar til að sýna stöðu og framgang þeirra. Athuga skal að um getur verið að ræða aðgerðahluta ef verkefnið nær yfir meira en eitt ár. Af 41 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpi 2020, er varða málaflokka ráðuneytisins, var 37 þeirra lokið eða komnar vel á veg í lok árs. Fjórar aðgerðir voru hafnar og eru í vinnslu.

Um þróun markmiða og mælikvarða

Breytingar geta hafa orðið á markmiðum og mælikvörðum á síðustu árum þar sem bæði eru þeir í þróun og áherslur geta breyst milli ríkisstjórna. Gerð hefur verið grein fyrir, eftir atvikum, breytingum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlun. Í skýrslunni eru notaðir nýjustu mælikvarðar málaflokkanna hverju sinni.

Vegvísir að lykilupplýsingum²

Ný gagnvirk upplýsingagátt um áætlanir og árangur ráðuneytisins var opnuð vorið 2021. Upplýsingagáttin, sem ber heitið Vegvísir, er leiðarvísir almennings að lykilupplýsingum varðandi samgöngur, fjarskipti og byggðamál. Áætlanir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eru eins konar vegvísar, sem vísa veginn með skýrum og mælanlegum markmiðum og útfærðum aðgerðum í öllum málaflokkum. Á Vegvísi er hægt að skoða markmið einstakra verkefna, raunstöðu þeirra og þá mælikvarða sem notaðir eru til að meta árangurinn. Á einfaldan hátt er hægt að sjá að hverju er verið að vinna í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og fagstofnunum sem undir það heyra. Hægt er að kynna sér hvaða aðgerðir og framkvæmdir eru á áætlun næstu árin og hver staða mælikvarða er. Hægt er að skoða aðgerðir og framkvæmdir á korti eða í lista. Ýmsar upplýsingar eru settar fram til að gefa yfirsýn yfir m.a. verkframvindu, staðsetningu, fjármagn, verktímabil og hvenær og af hverju á að framkvæma þær. Þá er hægt að skoða stöðu eftir landshlutum.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta			Samt.
6.1 Hagskýrslurgerð, grunnskrár og uppl.	● 1	● 1	● 1	3
8.1 Framlög til sveitarfélaga		● 1	● 2	3
8.2 Byggðamál			● 11	11
11.1 Samgöngur	● 2	● 2	● 7	11
11.2 Fjarskipti, netöryggi og póstmál	● 1	● 2	● 8	11
11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis		● 1	● 1	2
Samtals aðgerðir	● 4	● 7	● 30	41

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

² Sjá: www.vegvisir.is.



06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Fjögur markmið eru skilgreind fyrir málaflokkinn í fjármálaáætlun 2020-2024. Aðeins verður fjallað um það markmið og þá mælikvarða sem snúa að verkefnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, það er markmið nr. 4:

1. Bæta gæði, fram boð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.
2. Ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunngerðar landupplýsinga á Íslandi.³
3. Aukið framboð stafrænnar þjónustu.
4. Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsinga kerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

³ Samkvæmt INSPIRE-tilskipuninni:
https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/adgerdaaetlun-INSPIRE-eitt-skjal.pdf

Árangur markmiða fyrir málaflokk 06.10

Markmið 4: Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

Mælikvarðar fyrir markmið 4	Raun 2019	Viðmið 2020	Árangur 2020
Endurnýjun helstu grunnskráa ríkisins svo að þær verði tæknilega og rekstrarlega færar um að mæta síbreytilegum nútímakröfum.	Þjóðskrárkerfi aðlagð að nýjum lögum um lögheimili og lögum um kynrænt sjálfræði. Ný lögheimilaskrá gerð og um 88% upplýsinga um lögheimili einstaklinga í íbúðum skráðar í þjóðskrá fyrir gildistöku 1. janúar 2020.	Í árslok 2021 hafa einstaklingar verið skráðir niður á íbúðir.	Í árslok 2020 voru 92,5% einstaklinga skráðir niður á íbúð. Þá var innleitt ákvæði um hlutlausa skráningu kyns, sbr. lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði, og geta nú einstaklingar óskað eftir hlutlausri kynskráningu í þjóðskrá.

Aðgerðir sem styðja við markmið 4

Á árinu 2020 verði lokið við endurskoðun á aðferðafræði við fasteignamat til að tryggja betra samræmi í fasteignamati og aukið jafnræði skatta og gjalda sem á því grundvallast.


Á árinu 2020 er gert ráð fyrir útgáfu nýrra nafnskírteina hjá þjóðskrá, sem verða jafnframt rafræn ferðaskilríki og eru í gildi vegabréfa í flestum löndum Evrópu.

Framkvæmt 2020

- Gerðar voru endurbætur á aðferðafræði við gerð fasteignamats, sérstaklega fyrir matsaðferðir sem byggðar eru á kaupsamningum eins og fyrir íbúðir, sumarhús og atvinnueignir í tekjumati. Undirbúningur nýrrar aðferðafræði fyrir fasteignamat jarða og lands í dreifbýli hófst. Upplýsingum hefur verið safnað um ræktað land með hnitsettri afmörkun og birtast þær á landupplýsingagrunni.

- Framleiðslubúnaður nýrra nafnskírteina er fyrir hendi og hönnun nafnskírteinis sem tekur mið af kröfum ESB er lokið.

Frumvarp um ný nafnskírteini hefur verið tekið af þingmálaskrá á 151. löggjafarþingi: 2020-2021.





Aðgerðir sem styðja við markmið 4

Framkvæmt 2020

Framkvæmd hluta af aðgerðaáætlun netöryggisstefnu. Úttektir, fræðsluefni, námskeið, ráðgjöf og tæknilegur búnaður varðandi net- og upplýsingaöryggi og sérhæfð ráðgjöf á sviði netöryggismála.

- Netöryggiskeppni Íslands var haldin á UT-messunni í febrúar í kjölfar undankeppni sem fram fór fyrir áramót. Stefnt var að þátttöku í Evrópukeppninni haustið 2020, en þeirri keppni var frestað vegna COVID-19.
- Netöryggismánuður var haldinn í annað sinn og voru ýmsir viðburðir tengir erlendum viðburðum, sérstaklega ráðstefnum Alþjóða fjarskipta-sambandsins (ITU) sem var fylgt eftir með tengdum viðburðum á vegum ráðuneytisins um sama efni og undir stjórn ýmissa samstarfsaðila í samfélaginu. Jafnframt var unnið að gerð sam-evrópskra myndskaiða fyrir samskiptamiðla þar sem upplýsingum um netöryggi var miðlað á íslensku.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Dæmi um annað sem styður við markmið málaflokksins:

- Þjóðskrá Íslands birtir ýmiss konar gagnapakka á vefsvæði fyrir opin gögn. Ýmsar fjöldatölur eru birtar samkvæmt [útgáfuáætlun](#). Í [fasteignagátt](#) birtist margvíslegt talnaefni með reglubundnum hætti eða upplýsingarnar eru raunupplýsingar á hverjum tíma.
- Unnið var að því að hámarka upptíma kerfa og gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og sýslumannsembætta með tækni fullkomins aðskilnaðar þróunar, prófunar og framleiðslu⁴. Verkefnið er hluti af heildarverkefni um endurnýjun á bæði innviðum og aðferðafræði fyrir hýsingu og rekstur upplýsingatæknikerfa Þjóðskrár Íslands og sýslumannsembætta.

⁴ Sjá nánar um tækni og ávinning: SQL grunnar [Availability groups: a high-availability and disaster-recovery solution - SQL Server Always On | Microsoft Docs](#), NGINX framendi [High Availability - NGINX](#), Fortinet eldveggir [Administration Guide | FortiGate / FortiOS 6.4.5 | Fortinet Documentation Library](#)

08.10 Framlög til sveitarfélaga

Fyrsta heildarstefna ríkisins um málefni sveitarfélaga var samþykkt á Alþingi í janúar 2020⁵. Stefnan var sett fram eftir mikinn undirbúning, samráð og samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Í aðgerðaáætlun stefnunnar eru settar fram ellefu aðgerðir sem eiga það allar sameiginlegt að styrkja umgjörð og grundvöll sveitarstjórnarstigsins. Um leið og áætlunin tók gildi var hafist handa við innleiðingu. Þar sem um nýja mælikvarða er að ræða er ekki hægt að bera saman þróun þeirra á milli ára í þetta sinn. Markmið stefnunnar eru:

1. Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.
2. Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

⁵ Sjá: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0890.html>





Árangur markmiða fyrir málaflokk 08.10

Aðgerðir sem styðja við markmiðin tvö

Framkvæmt 2020

Reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verður breytt til að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga.

- Reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningu sveitarfélaga tóku gildi 1. júlí 2020. Þeim hefur verið beitt vegna þriggja sameininga. Jafnframt hefur aukins stuðnings sjóðsins notið við í nokkrum tilfellum þar sem um undirbúning og framkvæmd sameininga er að ræða.

Skýra stöðu og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga.

- Skýrslu starfshóps um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka var skilað í nóvember 2020. Helstu niðurstöður hennar eru að skýra þurfi lagagrunn landshlutasamtakanna og að skýra þurfi hlutverk þeirra og stöðu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ráðist verður í átak til að efla stafræna stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga.

- Farið var af stað með átaksverkefni með Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við Stafrænt Ísland sem sér um samhæfingu á verkefnavali fyrir sveitarfélögin. Fyrsta verkefnið er stafvæðing ferlis um fjárhagsaðstoð fyrir sveitarfélög, frá umsókn til afgreiðslu. Markmið þess er að búa til sjálfsafgreiðslu feril þar sem íbúar sveitarfélaga geta sótt um fjárhagsaðstoð með það að markmiði að bæta þjónustu, stytta ferlið og fækka handtökum.

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

08.20 Byggðamál

Í byggðaáætlun eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn. Það er lögð áhersla á að í öllum landshlutum verði óflug sveitarfélög, blómlegar byggðir og sterkir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnu-tækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi. Sérstök áhersla er lögð á að hlúa að svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Markmiðin eru:

1. Jafna aðgengi að þjónustu.
2. Jafna tækifæri til atvinnu.
3. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.





Árangur markmiða fyrir málaflokk 08.20

Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu.

Mælikvarði fyrir markmið 1	Raun 2019 Breyting milli ára ⁶			Víðmið 2020	Árangur 2020 Breyting milli ára				
		Heilsu- gæsla	Grunn- skóli	Dag- vöruv.		Heilsu- gæsla	Grunn- skóli	Dag- vöruv.	
Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun. ⁷	Höfuðb.svæði	0,02%	0,00%	0,01%	Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 km fjarlægð frá heilsugæslustöð lækki ekki miðað við stöðuna 2018.	Höfuðb.svæði	0,01%	0,00%	0,00%
	Suðurnes	0,00%	0,00%	0,00%		Suðurnes	0,00%	0,00%	0,00%
	Vesturland	-0,03%	-0,25%	0,12%		Vesturland	0,87%	0,02%	0,42%
	Vestfirðir	0,02%	-0,32%	0,48%		Vestfirðir	0,27%	0,00%	0,10%
	N. vestra	0,67%	0,60%	0,63%		N. vestra	0,11%	0,13%	0,02%
	N. eystra	0,03%	-0,13%	0,64%		N. eystra	0,10%	0,01%	0,04%
	Austurland	-2,04%	-0,29%	6,08%		Austurland	1,47%	-0,18%	-0,38%
	Suðurland	3,59%	-1,05%	1,35%		Suðurland	0,76%	1,26%	0,74%

Hlutfall íbúa sem eru í innan við 30 km fjarlægð frá heilsugæslu, grunnskóla og dagvöruverslun hækkaði í öllum landshlutum nema á Austurlandi, en þar lækkaði hlutfall íbúa.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2019

Ísland ljóstengt, byggðastyrkir.

- Árið 2020 var 16 sveitarfélögum veittur byggðastyrkur í tengslum við verkefnið Ísland ljóstengt, samtals að upphæð 112 m.kr.

Fjarheilbrigðisþjónusta. Stutt verður við áætlanir heilbrigðisráðuneytis um innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu, fyrst og fremst með stuðningi við tækjakaup.

- Undirritaður var samningur við Ljósið, alls 34. m.kr., um að veita fólki með krabba-mein, sem búsett er á landsbyggðinni, og aðstandendum þeirra þjónustu með rafrænum hugbúnaði og bæta aðgengi íbúa um land allt að starfsemi Ljóssins.

Þverfagleg landshlutateymi. Styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.

- Unnið að stofnun tveggja teyma – þ.e. á Suðurnesjum og á Norðurlandi eystra.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

⁶ Breyting innan við 0,05% er innan skekkjumarka.

⁷ Breytt hefur verið um mælikvarða vegna skorts á upplýsingum.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2019

Þjónustukort tekið í notkun og nýtt meðal annars við framkvæmd byggðstefnu.

- Gerð þjónustukorts er lokið í samræmi við áætlun en þjónustuframboð er síbreytilegt bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum. Byggðastofnun hefur á árinu uppfært upplýsingar í takti við þær breytingar sem hafa orðið til að stjórnvöld á hverjum tíma hafi trausta sýn á aðgengi landsmanna að þjónustu. Gagnagrunninn er hægt að nýta til frekari stefnumörkunar og mótunar aðgerðaáætlunar í byggðamálum. Þjónustukortið er aðgengilegt á <https://thjonustukort.is/>

Stuðningur við verslun í strjálbýli.

- Úthlutanir í kjölfar umsókna í þennan sjóð voru til fimm verkefna alls 10,5 m.kr. Um er að ræða dagvöruverslanir í Hrísey, í Norðurfirði í Árneshreppi, á Borgarfirði eystri, Stöðvarfirði og Drangnesi.

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Raun 2019 Breyting milli ára			Viðmið 2020	Árangur 2020 Breyting milli ára		
		Atvinnuþátt.	Meðalatvinnu- tekjur í m.kr.			Atvinnuþátt.	Meðalatvinnu- tekjur í þús. kr.
Atvinnuþátttaka ⁸ og meðalatvinnu- tekjur á atvinnugreinasvæðum. ⁹	Höfuðb.svæði	-2,0%	0,235	Viðmiðið er að atvinnuþátttaka minnki ekki og að meðalatvinnu- tekjur lækki ekki.	Höfuðb.svæði	-6,1%	-13
	Suðurnes	-5,3%	0,284		Suðurnes	-13,3%	-21
	Vesturland	-1,2%	0,359		Vesturland	-4,5%	69
	Vestfirðir	-0,7%	0,361		Vestfirðir	-2,0%	357
	N. vestra	-0,7%	0,269		N. vestra	-2,5%	205
	N. eystra	-1,4%	0,305		N. eystra	-4,4%	211
	Austurland	-0,5%	0,482		Austurland	-3,3%	136
	Suðurland	-1,2%	0,249		Suðurland	-6,7%	-15
							Atvinnuþátttaka lækkaði í öllum lands- hlutum, mest á Suðurnesjum um 13,3% en minnst á Vestfirðum um 2%. Atvinnutekjur hækkðu mest á Vestfirðum um 357 þús. kr. en lækkuðu mest á Suðurnesjum um 21 þús. kr.
Fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnun- um skilgreindur „án staðsetningar“.	Upplýsingaöflun stóð yfir.			Hvert ráðuneyti hefur skilgreint hvaða störf verður hægt að vinna utan ráðuneytis.	Alls hafa 100 stofnanir og ráðuneyti skilgreint 890 störf sem vinna mætti án staðsetningar, eða alls um 13% stöðugilda þessara stofnana.		

⁸ Heimild: Vinnumálastofnun (fjöldi á vinnumarkaði, atvinnuleysi og starfandi).

⁹ Heimild: Skatturinn. Upplýsingar fyrir nýliðið ár liggja ekki fyrir fyrr en síðla árs hjá Skattinum og því er litið til talna árið áður.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmt 2020

Fjarvinnslustöðvar. Opinberum gögnum komið á stafrænt form og atvinnutækifærum á landsbyggðinni fjölgað.

- Veittir styrkir til tveggja verkefna 2020 alls 14 m.kr. Um er að ræða verkefni er snýr að uppfærslu reglugerða á netinu hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum og raf-ræna skönnun fjölskyldumála á landsvísi hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra.

Opinber störf án staðsetningar.

- Unnin hefur verið greining hjá ráðuneytunum, og um 100 stofnunum hjá ríkinu, á því hvaða störf gætu verið skilgreind „án staðsetningar“. Niðurstöður leiddu í ljós að 890 störf mættu skilgreiningunni, eða 13% stöðugilda. Þá er einnig búið að aðlaga starfavef ríkisins www.starfatorg.is þannig að fram kemur ef starf er auglýst án staðsetningar.

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Breyting milli ára	Viðmið 2020	Árangur 2020	Breyting milli ára
Framfærsluhlutfall eftir landshlutum. ¹⁰	Framfærsluhlutfall		Viðmiðið er að framfærsluhlutfall hækki ekki.	Framfærsluhlutfall	
	Höfuðb.svæði	-1,0%		Höfuðb.svæði	0,6%
	Suðurnes	-2,6%		Suðurnes	1,1%
	Vesturland	0,0%		Vesturland	1,7%
	Vestfirðir	-0,4%		Vestfirðir	0,0%
	N. vestra	-0,1%		N. vestra	0,7%
	N. eystra	0,2%		N. eystra	0,6%
	Austurland	0,2%		Austurland	1,5%
	Suðurland	-2,6%		Suðurland	0,9%
			Landsbyggð	0,6%	
			Heildin	0,7%	

Framfærsluhlutfall hækkaði í öllum landshlutum nema á Austurlandi, en þar lækkaði hlutfallið um 1,5%

Breyting á meðaltali landsbyggðar = 0.

Lýðfræðilegir veikleikar. ¹¹	Lýðfræðilegir veikleikar		Viðmiðið er að ekki eigi sér stað hækkan á veikleikastuðli á landsbyggðinni umfram landið allt.	Lýðfræðilegir veikleikar	
Lýðfræðilegir veikleikar. ¹¹	Höfuðb.svæði	1	Viðmiðið er að ekki eigi sér stað hækkan á veikleikastuðli á landsbyggðinni umfram landið allt.	Höfuðb.svæði	-1
	Suðurnes	1		Suðurnes	-1
	Vesturland	1		Vesturland	0
	Vestfirðir	-1		Vestfirðir	1
	N. vestra	0		N. vestra	0
	N. eystra	-1		N. eystra	-2
	Austurland	0		Austurland	0
	Suðurland	-1		Suðurland	0
	Allt landið	1		Landsbyggð	0
		Heildin	0		

Stuðull fyrir landsbyggðina hækkaði ekki meira en fyrir landið allt.

¹⁰ Framfærsluhlutfall: Hlutfallsfjöldi íbúa í aldurshópi 0-14 ára og 65 ára og eldri af fjölda í aldurshópi 15-64 ára.

¹¹ Lýðfræðilegir veikleikar: Landshluti er metinn í áhættuferli ef vergt fæðingarhlutfall er lægra en 11%, vergt dánarhlutfall er hærra en 10%, hlutfall brottfluttra 0% og hlutfall kvenna er lægra en 95% í aldurshópi 15-64 ára. Auk þess er tekið mið af hlutfallsfjölda allra aldursflokka. Útreikningar frá Nordregio, www.nordregio.se.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2020
Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.	<ul style="list-style-type: none"> ● Um er að ræða samkeppnissjóð. Úthlutað var styrkjum til fimm verkefna alls 78,8 m.kr.: <ul style="list-style-type: none"> • Innviðaupbygging vegna gagnavers á Blönduósi. • Framleiðsla rafmagns með lághitavatni úr borholu Æ3 við Skógarlón í Öxarfirði. • Þekkingarsetur í Skaftárhreppi. • Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði. • Vínlandssetur í Dalabyggð.
Áframhaldandi stuðningur og þróun á verkefninu Brothættar byggðir.	<ul style="list-style-type: none"> ● Árið 2020 voru þáttökubyggðarlögin sjö, þau eru: Grímsey, Öxarfjarðarhérað, Árneshreppur, Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð, Borgarfjörður eystri, byggðin við Bakkafloa og Strandabyggð. Á árinu 2020 voru veittir alls 100 styrkir til frumkvæðisverkefna til allra byggðarlaganna að heildarfjárhæð 135 m.kr. Vegur 100 m.kr. fjárfestingarátak stjórnvalda vegna heimsfaraldursins þungst í þessari úthlutun. Sextíu milljónum króna var skipt jafnt á milli byggðarlaganna en 40 m.kr. var úthlutað í samkeppnissjóð, Öndvegissjóð, þvert á byggðarlögin.
Stuðningur við einstök verkefni á sviði atvinnuuppbyggingar í dreifbýli.	<ul style="list-style-type: none"> ● <ul style="list-style-type: none"> • Nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri – framlag að heildarupphæð 78 m.kr. árin 2020-2023. • Blábanki – nýsköpunar- og samfélagsmiðstöð á Þingeyri – 3,2 m.kr. framlag árið 2020. • Betri Bakkafjörður – aukaframlag að upphæð 12 m.kr.
Alþjóðleg verkefni, svo sem þátttaka í ESPON, NPA og NORA.	<ul style="list-style-type: none"> ● Virk þátttaka var í ESPON, NPA og NORA. <ul style="list-style-type: none"> a) NPA: Íslendingar voru þátttakendur í 11 af 15 verkefnum sem NPA styrkti á árinu. Allt eru það samstarfsverkefni sem stuðla að nýsköpun í atvinnulífi, eflingum búsetuþátta og mannauðs. b) NORA: Íslenskir aðilar eru þátttakendur í 4 af 7 verkefnum sem NPA styrkti á árinu. Á árinu 2020 auglýsti NPA aðeins eftir umsóknum þar sem lögð var áhersla á þátttöku frá sem flestum samstarfslöndum áætlunarinnar til að takast á við margvíslegar áskoranir og afleiðingar heimsfaraldursins af völdum COVID-19. c) ESPON: Íslenskum rannsóknarstofnunum er veittur aðgangur að samstarfsvettvangi rannsóknarstofnana Evrópu á sviði byggðamála.





Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Auglýst var eftir verkefnum árið 2020 á sviði almenningssamgangna, alls bárust 22 umsóknir. Úthlutað var styrkjum til 11 verkefna víðsvegar um landið.
- Mikill fjöldi lánsbeiðna var afgreiddur á árinu en met var slegið í fjölda lánsbeiðna sem Byggðastofnun bárust. Lánsbeiðnirnar voru 158 að upphæð rúmar 6,4 ma.kr. Fyrri metið var frá árinu 2017 þegar 156 lánsbeiðnir bárust að upphæð um 6,2 ma.kr. Umsóknir voru 132 árið 2018 og 136 árið 2019. Útlán til landbúnaðar og ferðaþjónustu vega langþingst í lánasafni Byggðastofnunar, þar af eru útlán til landbúnaðar nú tæpir 7,5 ma.kr. og ferðaþjónustu tæpir 5 ma.kr.
- Veittir eru styrkir til að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Árið 2020 bárust 92 umsóknir vegna flutningsjöfnunarstyrkja og voru 86 umsóknir samþykktar, alls var sótt um 285,7 m.kr. en til ráðstöfunar voru 163,6 m.kr. eða 62,2% af þeirri upphæð sem var metin styrkhæf.
- Samkomulag var gert milli Byggðastofnunar og European Investment Fund um aðild að svokölluð COSME ábyrgðakerfi. Aðild að ábyrgðakerfinu gerir stofnuninni kleift að veita enn hagstæðari lánaskilmála en áður í gegnum tiltekna lánaflokka. Þannig eru nú í boði allt að 90% lán til kynslóðaskipta í landbúnaði, allt að 90% lán til umhverfisvænna verkefna og allt að 80% lán til fiskvinnslu í viðkvæmum sjávarbyggðum. Þessum breytingum hefur þegar verið vel tekið og uppfærðir lánaflokkar eftirsóttir víða um land.

11.10 Samgöngur

Í samgönguáætlun eru skilgreind fimm lögbundin markmið fyrir málaflokkinn og miða þau að því að samgöngur séu:

1. Greiðar.
2. Öruggar.
3. Hagkvæmar.
4. Umhverfislega sjálfbærar.
5. Stuðli að jákvæðri byggðapróun.





Árangur markmiða fyrir málaflokk 11.10

Markmið 1: Greiðar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Úttektarskor Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar (ICAO), eftirlit og stjórnsýsla.	84,7%	85%	84,7%
Einbreiðar brýr á Hringveginum.	36	31	32
Óbundið slitlag (km) á stofnvegum í grunnneti utan hálendis. ¹²	423 km	355 km	365 km

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Lok framkvæmda við Dýrafjarðargöng. Unnið að uppbyggingu Dettifossvegar. Hafnar verða framkvæmdir við Vestfjarðaveg um Gufudalssveit.

Framkvæmt 2020

- Dýrafjarðargöng voru opnuð og tekin í notkun í október 2020. Framkvæmdum lauk við Dettifossveg árið 2020. Framkvæmdir hófust í Gufufalssveit sumarið 2020 með endurbyggingu og breikkun Vestfjarðavegar á um 6,6 km kafla frá Gufudalsá að Skálanesi. Ákveðinn kafli verður hluti af nýjum Vestfjarðavegi en 5,4 km kafli verður hluti af Gufudalsvegi til framtíðar. Kaflarnir þjóna sem Vestfjarðavegur þar til framkvæmdum við þveranir fjarða verður lokið.

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

¹² Í grunnneti vegakerfisins eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2020

Aukin áhersla á viðhald og þjónustu vega, þ.m.t. vetrarþjónustu og vegmerkingar.

- Á síðustu þremur árum hefur framlag aukist töluvert eftir að umtalsvert stór viðhaldsskuld myndaðist eftir hrun. Megin áhersla í viðhaldi hefur verið að koma bundnu slitalagi í betra horf með aukinni yfirlögnum. Einnig hefur verið lögð áhersla á að lengja kafla með malbiki í stað klæðingar. Á árinu 2020 voru lagðir um 2.700 þ. m² af klæðingu og 665 þ. m² af malbiki samtals 3.365 þ. m² samanborið við 3.000 þ. m² af klæðingu og 595 þ. m² af malbiki 2019. Á árunum milli 2010 og 2016 voru lagðir rétt um 2.000 þ. m² árlega. Á næstu árum þarf að leggja aukna áherslu á að bæta burðarþol stofnvegakerfisins með styrkingum.

Vetrarþjónustan var krefjandi á fyrstu mánuðum ársins 2020. Reynt var að halda helstu leiðum opnum til að tryggja vöruflutninga og umferð við erfiðar vetrar- aðstæður svo vikum skipti. Vegna mikilla vetrarveðra fór kostnaður við vetrar- þjónustu fram úr áætlunum. Áfram var unnið að bættri stýringu og framkvæmd með boðun útkalla og eftirfylgni og gæðum þjónustunnar. Í vegmerkingum var átaki um auknar kantlínúmerkingar frestað í ljósi stöðunnar og minni umferð ferðamanna.

Fækka einbreiðum brúm og stytta þá vegkafla í byggð sem enn hafa óbundið slitlag.

- Einbreiðum brúm á Hringveginum fækkaði um fjórar á árinu. Auk þess má nefna að við opnun Dýrafjarðarganga fækkaði einbreiðum brúm á Vestfjarðavegi um 6. Í tengslum við fjárfestingaráttak stjórnvalda var alls 9 verkefnum með einbreiðum brúm flýtt og var hafist handa við hönnun þeirra verkefna á árinu með það að markmiði að þau kæmst til framkvæmda árin 2021-2023.

Lagt var bundið slitlag á um 58 km stofnvega í grunnneti utan hálendis.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





Markmið 2: Öruggar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Árangur 2020
Látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á hverja 100.000 íbúa á ári.	188	172	157
Flugslysnum og alvarlegum flugatvikum á 100 þúsund flugstundir fækki um að jafnaði 5% á ári.	8,63	5,87	13,87 ¹³
Skráðum atvikum á sjó fækki að jafnaði um 5% á ári.	106	149	153

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Unnið að uppbyggingu meginstofnleiða frá höfuðborgarsvæðinu og aðskilnaði akstursstefna, þ.e. á Vesturlandsvegi, Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi.

Framkvæmt 2020

● Vesturlandsvegur

Vesturlandsvegur í Mosfellsbæ var breikkaður og aðskildar akstursstefnur á milli Langatanga og Skarhólabrautar, alls 1,3 km. Kaflinn frá Skarhólabraut að Hafravatnsvegi, alls 0,9 km, var hannaður árið 2020 og gert ráð fyrir að hann komi til framkvæmda 2021. Alls var breikkun og aðskilnaður akstursstefna á um 4,1 km kafla á Hringvegi um Kjalarnes frá Varmhólum að Vallá, boðinn út árið 2020 og eru áætluð verklok árið 2023. Unnið var að hönnun kaflans frá Vallá að Hvalfjarðargöngum á árinu 2020, alls tæplega 5 km.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

¹³ Ástæðan fyrir þessum mikla mun milli viðmiðs og rauntölu er að vegna samdráttar í fjölda flugstunda í heimsfaraldrinum hefur orðið til ákveðin bjögun. Fjöldi flugstunda í flutningaflugi dróst mikið saman árið 2020. Fjöldi flugstunda í almannaflugi dróst ekki saman með sama hætti en alvarleg atvik komu helst upp í þeirri tegund flugs. Fjöldi alvarlegra atvika er þannig sá sami og áður en fjöldi flugstunda hefur dregist saman og þannig myndast bjögunin.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmt 2020

Framhald

● Reykjanesbraut

Unnið var við framkvæmdir á breikkun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi, alls um 3,2 km. Unnið hefur verið að mati á umhverfisáhrifum og hönnun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahraun og er stefnt að útboði framkvæmda í lok árs 2021. Alls er kaflinn um 5,6 km.


Suðurlandsvegur

Uppbygging Suðurlandsvegur á sér stað í nokkrum áföngum. Vesturlandsvegur – Bæjarháls. Lokið var við breikkun Hringvegur frá Vesturlandsvegi að Bæjarhálsi í 4 akreinar með aðskildum aksturstepnum á um 1 km kafla. Bæjarháls – Hólmsá. Unnið hefur verið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda við breikkun Hringvegur frá Bæjarhálsi að Hólmsá, alls um 4,5 km. Áætlað er að mati á umhverfisáhrifum ljúki árið 2021. Verkefnið er hluti af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Hólmsá – Fossvellir. Unnið hefur verið að hönnun breikkunar frá Fossvöllum að Hólmsá árið 2020 alls um 4,7 km. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2021 og ljúki 2023

Áframhaldandi átak í fræðslu og áróðri sem beint verður til erlendra ökumanna og gegn notkun snjalltækja undir stýri. Unnið samkvæmt ársáætlun umferðaröryggisáætlunar með sérstaka áherslu á öryggi barna í umferðinni.

- Löggöð var áhersla á að auka beltanotkun og sporna við akstri undir áhrifum lyfja og vímuefna. Framleidd voru fræðslumyndbönd sem m.a. lúta að rafmagnsvespum og rafmagnshlaupahjólum, birting hefst 2021.
- Endurskinsmerki voru framleidd og þeim dreift um allt land í samstarfi við Landsbjörgu og Sjónvá.
- Fræðsla var áfram í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum en vegna heimsfaraldurs var áhersla á að dreifa efni til kennara.
- Að auki voru framkvæmdar ýmsar kannanir er varða umferðaöryggi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Samgöngukostnaður heimila (hlutfallslegur).	13,6%	14%	14,9%

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Hafnar verði viðræður við Isavia um nýtt fyrirkomulag rekstrar Reykjavíkurflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar.

Framkvæmt 2020

- Með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisins og stjórnar Isavia ohf. í maí 2020 um yfirfærslu á rekstri og uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar til Isavia ohf. var stigið fyrsta skrefið í þá átt að færa rekstur millilandaflugvallanna í eitt kerfi, í samræmi við vilja Alþingis.

Í yfirlýsingunni kom m.a. fram að frá 1. janúar 2020 tæki félagið yfir og fjármagnaði þá þjónustu sem það veitir á Egilsstaðaflugvelli skv. þjónustusamningi við ríkið og að markmiðið væri að frá 1. janúar 2021 tæki Isavia ohf. alfarið við og fjármagnaði rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins.

Þegar Covid-19 faraldurinn olli hruni í millilandaflugi og komu ferðamanna til landsins taldi Isavia ohf. hins vegar forsendur fyrir þessu brostnar og tók því hvorki við rekstri Egilsstaðaflugvallar né fjármagnaði brýna endurnýjun á slitlagi flugbrautarinnar sem ráðast þarf í á þessu ári. Er yfirfærslan því í ákveðinni biðstöðu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Efling rafrænnar þjónustu, svo sem upplýsingakerfis um skip, réttinda sjófarenda og rafrænnar landskrár flutningsaðila.

Framkvæmt 2020

- Hjá hinu opinbera er lögð mikil áhersla á að efla rafræna þjónustu í þeim tilgangi að bæta þjónustu, stytta ferla og auka gegnsæi. Margt ávannst á árinu í þessum efnum varðandi málaflökk samgangna og var fjölþættum aðgerðum komið á rafrænt form sem styður við stafræna sókn og er hér stiklað á stóru. Nýtt upplýsingakerfi um skip og réttindi sjófarenda fór í prófunarfasa en stefnt er að því að kerfið komist í rekstur haustið 2021.

Netspjalli var bætt við vefsíðu Samgöngustofu og gagnaðist það einkar vel í samkomubanni vegna heimsfaraldursins.

Unnið var áfram að því að einfalda ökunámsferlið og gera það starfrænt; fækka á snertiflötum milli stofnana og bæta til muna þjónustu við nemendur og ökunema. Breytingin mun hafa mikinn tímasparnað í för með sér fyrir þúsundir ökunema og aðra sem koma að ökunáminu. Miðað er við að ferli ökunema, frá því að umsókn er lögð inn og þar til ökuskráirni er gefið út, verði stafrænt fyrir árslok 2021.

Undirbúningur hefur staðið yfir um nokkurt skeið að innleiðingu rafrænnar landskrár flutningsaðila en unnið er að tæknilegri útfærslu og tengingu við lögreglu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 4	Raun 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall vistvænna bíla.	8,4% ¹⁴	9%	11,2%
Hlutfall almenningsgangna í fjölda ferða innan höfuðborgarsvæðisins.	4%	5,5%	2,5% ¹⁵
Fjöldi farþega í ferjusiglingum.	437.000	470.000	340.252
Fjöldi farþega í innanlandsflugi.	368.600	405.000	160.350

Aðgerðir sem styðja við markmið 4

Framkvæmt 2020

Unnið að undirbúningi Borgarlínu og uppbyggingu stofnstíga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

- Unnið var að frumdrögum Borgarlínu og útboðsferli hófst vegna hönnunar og undirbúnings, drög að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir 1. áfanga Borgarlínu var auglýst á árinu.

Unnin var áætlun um stofnstíga á höfuðborgarsvæðinu út frá sameiginlegri sýn SSH og Vegagerðarinnar sem unnið er eftir í tengslum við Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Lagðir voru 4 km af nýjum stofnstígum á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við stefnu um stofnstíganet.

Innleiðing á heildarstefnu í almenningsamgöngum á landi, lofti og legi.

- Innleiðing heildarstefnu í almenningsamgöngum milli byggða hófst á því að Vegagerðin stofnaði sérstaka almenningsamgöngudeild, sem í kjölfarið hófst handa við að endurnýja samninga um þjónustu.

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

¹⁴ Hlutfallið miðast við bíla í umferð.

¹⁵ Sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaaetlun/ferdavenjukonnun-samgongurads-og-ssh/>

Markmið 5: Samgöngur stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Mælikvarðar fyrir markmið 5	Raun 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Óbundið slitlag (km) í byggðakjörnum þar sem íbúar eru >100 í samþættu kerfi.	21 km	15 km	15 km

Aðgerðir sem styðja við markmið 5

Framkvæmt 2020

Hafin verður kostnaðarþátttaka ríkisins í flugfargjöldum innan lands fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

- Loftbrúnni¹⁶ var hleypt af stokkunum í september 2020. Loftbrú veitir 40% afslátt til þeirra sem eiga lögheimili á landsbyggðinni fjarri höfuðborgarsvæðinu og á eyjum án vegasambands. Undir Loftbrú falla Vestfirðir, hluti af Norðurlandi vestra, Norðurland eystra, Austurland, Hornafjörður og Vestmannaeyjar. Svæðið er afmarkað með tilliti til póstnúmera. Alls ná afsláttarkjör Loftbrúar til rúmlega 60 þúsund íbúa á þessum svæðum.

Aukin áhersla á viðhald innanlandsflugvalla, þ.m.t. endurnýjun slitlags á Egilsstaðaflugvelli.

- Töluvert viðhald var á flugbrautum víðs vegar um landið. Þar má nefna flugbrautir á Akureyri, Ísafirði, í Vestmannaeyjum, á Höfn og í Reykjavík.

Þá bættist við viðhald á flugbrautum á Þórshöfn og Blönduósi með fjárfestingaráttaki stjórnvalda vegna heimsfaraldursins. Endurnýjun slitlags á Egilsstaðaflugvelli mun fara fram árið 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



¹⁶ Sjá: <http://www.loftbru.is/>




Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

-
- Lög um samvinnuverkefni í uppbyggingu vegamannvirkja voru samþykkt á Alþingi. Í þeim er heimilað að hefja samstarf hins opinbera og einkaaðila um sex afmarkaðar framkvæmdir, veg yfir Hornafjarðarfjót, veg um Öxi, Sundabraut, hringveg um Mýrdal og jarðgöng í Reynisfjalli, tvöföldun Hvalfjarðarganga og brú yfir Ölfusá. Undirbúningur er þegar hafinn í einstökum verkefnum en lengst er ferlið komið varðandi brú yfir Hornafjarðarfjót.
-
- Unnið var á árinu að uppfærslu á siglingaverndaráætlun Íslands þar sem er að finna lýsingu á skipulagi og framkvæmd siglingaverndar á Íslandi, í samræmi við gildandi lög og reglur á Íslandi. Á árinu 2020 tók gildi ný reglugerð um bakgrunnsathuganir í siglingavernd.
-
- Unnið var að stafvæðingu boðunarkerfis vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni sem er til þess fallið að stuðla að einföldun, auknu öryggi og betri þjónustu fyrir samfélagið.
-
- Unnið var að ýmsum rannsóknum í tengdum samgöngum, bæði nýrra og áframhaldandi, og má þar nefna:
 - » Tilraunaverkefni um nýtingu repjuolíu með íblöndun á tækni á Keflavíkurflugvelli, en mælingar voru gerðar á orkueyðslu og útblæstri.
 - » Þátttaka í verkefnum um leiðir til að draga úr sótmengun skipa, meðal annars í verkefni um norð-austur-siglingaleiðina og í samvinnu við Norðurskautsráðið.
 - » Alþjóðlega verkefnið Martec GoFund sem er hluti af Era-Net prógrammi Evrópusamstarfsins og snýr að samvinnu um rannsóknir á skipum, skipahönnun og rannsóknum á umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum.
-

11.20 Fjarskipti, netöryggi og póstmál

Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið fyrir málaflokkinn. Eftirfarandi markmið málaflokksins eru lögbundin, en megináherslan snýr að aðgengilegum og greiðum fjarskiptum, þ.e. útbreiðsluhlutfalli og gagnaflutningshraða.

1. Aðgengileg og greið fjarskipti og póstpjónusta.
2. Örugg fjarskipti og póstpjónusta.
3. Hagkvæm og skilvirk fjarskipti og póstpjónusta.
4. Umhverfisvæn fjarskipti og póstpjónusta stuðli að jákvæðri byggðapróun.





Árangur markmiða¹⁷ fyrir málaflokk 11.20

Markmið 1: Aðgengileg og greið fjarskipti og pósthjónusta.

Mælikvarðar fyrir markmið 1 ¹⁸	Raun 2019	Viðmið 2020	Árangur 2020
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að 100 Mb/s.	81%	93%	84,2%
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að 1 Gb/s.	77%	82%	79,9%
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að ljósleiðaratengingu.	80%	85%	83,2%
Aðgengi lögheimila að farsíma og/ eða farneti.	99,9%	99,9%	99,9%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Framkvæmt 2020

Innleiðing og framkvæmd fjarskiptaáætlunar.

- Stefna í fjarskiptum 2019-2033 og aðgerðaáætlun 2019-2023 voru samþykktar í júní 2019. Árið 2020 var því fyrsta heila aðgerðaárið.

Aðgerðaáætlunin samanstendur af 35 skilgreindum verkefnum sem unnin eru eftir áætlun. Tveimur þeirra lauk fyrir árslok, 24 voru hafin, áætluð verklok eru fyrirsjáanleg í fjórum þeirra og fjögur verkefni voru ekki hafin.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

¹⁷ Unnið er að stöðlun mæliaðferða í samræmi við ný fjarskiptalög 2020 og leiðbeiningar frá samtökum fjarskiptaeftirlitsstofnana í Evrópu.

¹⁸ Gagnagrunnur almennra fjarskipta (GAF) þaðan sem þessar upplýsingar eru upprunnar og Póst- og fjarskiptastofnun heldur utan um, byggir að mestu leyti á gögnum frá eigendum/rekstraraðilum fjarskiptakerfa. Þeir aðilar þróa og breyta reglulega viðmiðum í sínum gagnagrunnum og spálíkönunum um útbreiðslu tiltekinnar þjónustu af tilteknum gæðum eða hraða. Þetta skýrir að hluta þau frávik sem eru milli raun 2019, viðmið 2020 og árangur 2020.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða. Ríkið styrkir ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum í gegnum fjarskiptasjóð. Aðgerðaár 5 af 6.

Framkvæmt 2020

- Við undirbúningu fjárlaga 2020 stóð til að úthlutun ársins 2020 yrði næstsíðasta úthlutun fjarskiptasjóðs á grundvelli *Ísland ljóstengt*. Úthlutun sjóðsins 2020 jókst hins vegar umtalsvert þar sem ríkisstjórnin lagði verkefninu til auknar fjárheimildir á grundvelli fjárfestingarátaks. Það gerði sjóðnum kleift að:
 - a. Veita 440 m.kr. framlag til sveitarfélaga vegna 2020, sem samið var um 2019 (með fyrirvara um fjárlög 2020).
 - b. Flýta mörgum verkefnum sveitarfélaga sem áður voru á dagskrá 2021 auk þess að semja um styrki til nýrra verkefna, samtals 275 m.kr.
 - c. Leggja Neyðarlínunni til 125 m.kr. til að leggja ljósleiðara og byggja upp aðra fjarskiptainnviði utan markaðssvæða.

Þessu til viðbótar lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti til 43 m.kr. sem sérstakan byggðastyrk til valinna sveitarfélaga.

Þessi samanlagði aukni stuðningur ráðuneytisins um það bil tvöfaldaði styrkta ljósleiðarauppbyggingu á landsvísu árið 2020 miðað við áætlanir 2019.

Lokið verður við hringtengingu ljósleiðara á Austfjörðum, milli Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar um Mjóafjörð.

- Við nánari útfærslu á aðkomu fjarskiptasjóðs að ljósleiðaravæðingu um eða í Mjóafirði, varð það niðurstaðan snemma árs 2020 að setja lagningu ljósleiðara milli Brekkuborps og Dalatanga í forgang árið 2020 og fresta seinni hluta umræddrar hringtengingar. Ljósleiðaratenging við Dalatanga komst á síðla sumars 2020. Breyting á forgangsröðun byggðist ekki síst á brýnum öryggishagsmunum sjófarenda á svæðinu sem loksins fengu úrbætur hvað varðar útbreiðslu öryggisfjarskipta- og farsímasímakerfa.

Hringtengiverkefnið er enn á dagskrá en tímasetning þess ræðst hvort tveggja af fjármögnun og áhuga markaðsaðila.

Lagt verður fram frumvarp um nýtt heildar reglu verk í fjarskiptum á árinu 2020.

- Frumvarp til laga um fjarskipti er í þinglegri meðferð og bíður þess að verða afgreitt út úr umhverfis- og samgöngunefnd. Vonast er til að frumvarpið verði að lögum í vor á yfirstandandi þingi, 151. löggjafarþingi.





Markmið 2: Örugg fjarskipti og pósthjónusta.

Mælikvarðar fyrir markmið 4	Raun 2019	Viðmið 2020	Árangur 2020
Samfélagsleg staða skv. Oxford-líkani. ¹⁹	Búið var að bregðast við rúmlega helmingi ábendinga (67 af 120) með einhverjum hætti. Enginn þáttur á frumstigi.	Búið var að bregðast við rúmlega helmingi ábendinga (67 af 120) með einhverjum hætti. Enginn þáttur á frumstigi. Búið verði að bregðast við helmingi ábendinga (viðmið 2019 var þriðjungur ábendinga). Enginn þáttur á frumstigi.	Búið var að bregðast við rúmlega helmingi ábendinga (70 af 120) með einhverjum hætti. Enginn þáttur á frumstigi.
Tæknileg staða skv. alþjóðlegu mati greiningarfyrirtækis. ²⁰	Hlutfallsleg tæknileg netöryggis-vísitala Íslands var 98,4% af vísitölu norræns viðmiðunarríkis.	98% ²¹	98% ²²
Talsamband/háhraðanet á vegum utan þéttbýlis.	91%/82%	95,8%/85%	97%/98%
Talsamband/háhraðanet á vegum sem liggja 200 m yfir sjávarmáli.	96%/85%	90,1%/66,5%	95%/96%

¹⁹ Matsskýrsla Oxford-háskóla um stöðu Íslands í netöryggismálum er á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

²⁰ Ýmis alþjóðleg greiningarfyrirtæki meta stöðu netöryggis í ríkjum heims og gefa einkunn með svipuðum hætti og gert er þegar lánshæfismat ríkja er metið. Eitt af þessum fyrirtækjum er Bitsight og metur það ýmsa veikleika sem finna má með viðtækri tæknilegri skimun. Til viðmiðunar hefur verið valið að nota gögn frá Noregi og Bretlandi. Niðurstöður fyrir Ísland eru svipaðar þegar á heildina er litið og fyrir þessi lönd, það geta þó alltaf komið sveiflur sem æskilegt er að gera skýrt hverju sinni.

²¹ Árangur getur sveiflast örlítið og var umfram viðmið á fyrri ári.

²² Vísitala var í 98% mest allt árið, seig niður í 94% í nóv. og reis á ný í 97%. Breyttar vinnuáðstæður og meiri heimavinna vegna heimsfaraldursins gæti e.t.v. skýrt örlitla rýrnun tæknilegs öryggis. Sem fyrr er öryggið veikast hjá almennum notendum, ekki hjá stofnunum og grunninnviðum.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Framkvæmt 2020

Innleiðing laga um net- og upplýsingaöryggi sem taka gildi 1. september 2020 en í henni felst m.a. efling netöryggissveitarinnar og aukin vernd mikil vægra innviða með fræðslu, samvinnu við að koma á skipulagi netöryggis, úttektum, æfingum og prófunum.

- Eftir að lögin tóku gildi 1. september 2020 var skipulagi Póst- og fjarskiptastofnunar breytt og ný deild, netöryggisveitin CERT-IS, stofnuð. Unnið var að undirbúningi útfærslu samhæfingarhlutverks og endurbótum á húsnæði vegna starfsemi netöryggissveitarinnar.

Brugðist verður við ráðleggingum í skýrslu Oxford-háskóla um stöðu netöryggis á Íslandi og hún endurmetin.²³

- Brugðist hefur verið við 72 af 120 ráðleggingum Háskólans í Oxford, eða 60%. Miðað var við að brugðist hefði verið við helmingi ráðlegginga. Það þýðir þó ekki að viðkomandi aðgerðum sé lokið, því margar þeirra eru langtímaaðgerðir og krefjast ekki aðeins skilvirkar samvinnu þvert á stjórnkerfið, heldur einnig samfélagið allt. Á árinu var lögð áhersla á náið samstarf við Alþjóða fjarskipta-sambandið (ITU) vegna úttektar sambandsins á stöðu netöryggis í öllum ríkjum. Haldnir voru rýnifundir innan Netöryggisráðs og gögnum safnað. Þessi greiningarvinna hefur jafnframt lagt grunn að endurbótum sem verið er að undirbúa.

Lög um íslenska landslénið .is.

- Frumvarp til laga um landslénið .is var í þinglegri meðferð og beið þess að verða afgreitt út úr umhverfis- og samgöngunefnd í lok ársins. Frumvarpið varð að lögum vorið 2021.

Greindar verða leiðir til að auka öryggi og hagkvæmni í gagnaflutningum til og frá landinu, m.a. með framkvæmd botnrannsóknna á árinu 2020.

- Samningur milli fjarskiptasjóðs og Farice ehf. frá 2018 um botnrannsóknir til undirbúnings nýs fjarskiptasæstrengs milli Íslands og Evrópu, var gerður upp í lok árs 2020. Þar með lauk aðkomu ráðuneytisins farsællega að undirbúning leiðar til að auka öryggi í gagnaflutningum til og frá landinu.

Leiðir hafa jafnframt verið greindar er varða aukna hagkvæmni í gagnaflutningum til og frá landinu. Ábyrgð á útfærslu og framkvæmd slíkra leiða liggur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Farice ehf.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



²³ Oxford skýrsla, samantekt um aðgerðir:
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/04/30/Uttekt-Oxford-haskola-a-stodu-netoryggis-og-adgerdir-til-eflingar-thess/>



Markmið 3: Hagkvæm og skilvirk fjarskipti og póstpjónusta.

Mælikvarðar sem styðja við markmið 3	Raun 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Verð á fjarskiptapjónustu í samanburði við önnur OECD-ríki. Fjöldi þjónustupáttta í flokki 25% landa með hagkvæmstu verð.	80%	80%	Erfitt að nálgast gögn og því var ákveðið að breyta mælikvarða og er verið að afla gagna.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Framkvæmt 2020

Nýtt heildarregluverk í póstpjónustu innleitt, m.a. með gildistöku og eftirfylgni við væntanlegan þjónustusamning milli Íslandspósts og ráðuneytanna frá 1. janúar 2020.

- Ný heildarlög um póstpjónustu tóku gildi 1. janúar 2020, sjá hér á vef Alþingis²⁴. Markmið laganna er að stuðla að hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri póstpjónustu um land allt og til og frá landinu, m.a. með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma og með því að efla samkeppni á markaði fyrir póstpjónustu.

Sett verða gæðaviðmið og fjarskiptapjónusta mæld samkvæmt þeim. Upplýsingar um gæði þjónustunnar verða aðgengilegar neytendum 2021.

- Ráðgert var að nota kerfi sem þróað var fyrir samtök fjarskiptaeftirlitsstofnana í Evrópu en horfið var frá því. Leitað er annarra leiða til að framkvæma mælingarnar.

Allir fjarskiptainviðir verða kortlagðir á heildstæðan hátt í gagnagrunni um fjarskipti (GAF).

- Allir helstu óvirku fjarskiptainviðir hafa verið kortlagðir. Enn er unnið að því að auka gæði og réttleika gagnanna, sem er langtíma verkefni.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

²⁴ Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019098.html>

Markmið 4: Umhverfissvæn fjarskipti og pósthjónusta stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Mælikvarðar sem styðja við markmið 4	Raun 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að ljósleiðaratengingu.	76%	78%	77%
Aðgengi lögheimila að farsíma- og/eða farneti.	99,9%	99,9%	99,9%

Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Varaafl var bætt á 68 fjarskiptastöðvum, einkum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Fjárveitingin var veitt á grundvelli fjárfestingarátaks stjórnvalda til að sporna jafnframt gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldursins alls 150 m.kr. og sá Neyðarlínan um framkvæmdina.
- Á árinu hófst undirbúningur fyrir ráðstöfun endurnýjaðra tíðniheimilda fyrir farnet í ljósi þess að fjöldi þeirra rennur út í byrjun árs 2022. Er hér um viðamikið verkefni að ræða sem krefst mikils undirbúnings. Hluti af undirbúningnum felst í því að meta uppbyggingarþörf fastaneta og sendastaða í tengslum við 5G innviði, einkum gagnvart samgöngum.





11.30 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

Árangur í málaflokki 11.30

Aðgerðir


Samræming og samþætting áætlana ráðuneytisins.

Undirbúningur fyrir vefsíðu um stefnur, framkvæmdir, árangur og dreifingu fjármuna á landshluta í málaflokkum ráðuneytisins. Vefurinn og mælaborðið tengist samhæfingu áætlana og er ætlað að bæta ákvarðanatöku og upplýsingagjöf.

Framkvæmt 2020

- Unnið var áfram að samræmingu og samhæfingu áætlana. Gefið var út kynningarrit ráðuneytisins um efnið og undirbúnað voru grænbækur í þremur málaflokkum af fjórum sem unnar eru með samhæfingu að leiðarljósi. Þá var lagt fram á Alþingi frumvarp um frekari samhæfingu áætlana. Tilgangur þess er að einfalda og sameina regluverk um gerð stefna og áætlana málaflokka byggðamála, samgangna og fjarskipta. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um samhæfingu í stefnumótunarferli áætlana og framsetning stefna og áætlana uppfærð í takti við nýja tíma. Frumvarpið er í þinglegri meðferð Alþingis.
- Lífandi og gagnvirk upplýsingagátt fyrir áætlanir og árangur ráðuneytisins hefur verið þróuð og opnuð. Í upplýsingagáttinni, sem ber heitið Vegvísir, er hægt að skoða upplýsingar um stöðu, tímaáætlun og kostnað verkefna í þremur helstu áætlunum ráðuneytisins; byggðaáætlun, fjarskiptaáætlun og samgönguáætlun. Allar upplýsingar eru settar fram með aðgengilegum hætti á gagnvirkum Íslandskorti. Upplýsingar sem birtar eru í upplýsingagáttinni eru sóttar beint í viðeigandi gagnagrunna.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





4. Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

Í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu var unnið að frekari greiningu á stöðu kynjanna á flestum málefnavíðum sem ráðuneytið ber ábyrgð á, með það að markmiði að varpa ljósi á þær áskoranir sem til staðar eru í jafnréttismálum. Einn af mikilvægustu þáttunum í þeirri vinnu eru auknar rannsóknir og öflun kyngreindra tölfræðigagna. Góð gögn eru forsenda þess að koma auga á aðgerðir sem geta skilað okkur í átt að bættu aðgengi og auknu jafnrétti. Framtíðarsýnin er að kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt við ákvarðanatöku. Aukin vakning hefur verið um málefnið innan ráðuneytisins og aðgengi að kyngreindum gögnum hefur batnað frá fyrra ári og áfram verður hvatt til þess að kyngreind gögn séu tekin saman og þau greind markvísst.

Á árinu 2020 var ráðist í viðamikil fjárfestingaráttak til að mæta neikvæðum áhrifum Covid-19 faraldursins. Þegar verkefni samgöngu- ráðuneytisins í fjárfestingaráttakinu eru skoðuð, sést að fjölmörg störf sköpuðust og náðu verkefni til flestra landshluta. Í byggðamálum var jafnvægi í þeim störfum er sköpuðust m.t.t. kynjahlutfalls en í samgöngum rann fjármagnið til fremur karllægra verkefna, s.s. vinnu við framkvæmdir á vegakerfinu, hafnarframkvæmda og jarðvinnu við lagningu ljósleiðara. Ekki liggur fyrir nákvæm tölfræði um hvers konar störf sköpuðust við auknar framkvæmdir í málaflokki samgagna en ráðuneytið vinnur að því að afla upplýsinga um kynjahlutfall.

Samgöngur

- Ein af samhæfðum aðgerðum í samgöngum og byggðamálum var að jafna aðgengi íbúa á landsbyggðinni að nauðsynlegri opinberri þjónustu sem og sameiginlegum menningarstofnunum með tilkomu svokallaðrar Loftbrúar sem niðurgreiðir ferðir með innanlandsflugi fyrir íbúa með lögheimili á landsbyggðinni, fjarri höfuðborgarsvæðinu og á eyjum. Ljóst er af notkun fyrstu mánaða að aðgerðin hefur mætt þörfum kvenna.

- Haldnar voru málstofur um konur og siglingar og börn og samgöngur, en stefnt er að því að málefni kynjajafnréttis fái aukna umfjöllun í stefnumótun í samgöngumálum í framtíðinni.
- Við mótun frumvarps til laga um áhafnir var lögð sérstök áhersla á jafnréttismat og er lögunum ætlað að stuðla að jöfnu aðgengi kynjanna að menntun, þjálfun og störfum um borð í íslenskum skipum.
- Á árinu hófst samstarfsverkefni milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og forsætisráðuneytis með það að markmiði að tryggja að kynjasjónarmið verði samofin við gerð næstu samgönguáætlunar og stuðli að jafnrétti kynjanna.

Byggðamál

- Horft var til kynja- og jafnréttissjónarmiða við gerð grænbókar í byggðamálum sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda í desember 2020. Í grænbókinni koma fram fimm lykilviðfangsefni til að ná fram markmiðum byggðaáætlunar og eru þau tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Horft er til jafnréttis kynjanna í öllum viðfangsefnum, sem er Heimsmarkmið nr. 5.
- Í gildandi þingsályktun um byggðaáætlun 2018-2024 er horft til jafnréttissjónarmiða en þar má nefna tvær aðgerðir sem stuðla beint að auknu jafnrétti kynjanna. Verkefni felast í því að fjölga konum í sveitarstjórnnum og að auka möguleika kvenna til atvinnuþátttöku á landsbyggðinni. Verkefnunum er ekki lokið en Jafnréttisstofa sér um framkvæmdina.

Sveitarstjórnarmál

- Lögð var til aðgerð sem miðar að jafnrétti kynjanna í þingsályktun um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga sem samþykkt var í janúar 2020. Aðgerðin ber heitið „Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa“ og hefur það að markmiði að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og gæta að kynjajafnrétti sveitarstjórnarfólks.





5. Yfirlit um ráðstöfun varasjóða, og skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga

Tafla 3. Yfirlit um ráðstöfun varasjóða.

Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

11.1 Samgöngur	Fjárhæðir í m.kr
Staða varasjóðs í upphafi árs	0
Fjárveiting á fjárlögum 2020	205
Ráðstafað 2020	-205
Staða varasjóðs í lok árs	0
11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	
Staða varasjóðs í upphafi árs	21
Fjárveiting á fjárlögum 2020	0
Ráðstafað 2020	0
Staða varasjóðs í lok árs	21

Varasjóðir ráðuneytisins eru tveir. Annars vegar er um að ræða varasjóð málaflokks 11.1 Samgöngur og hins vegar 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Fjárveiting á fyrrnefnda liðnum nam 205,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2020. Öllu framlaginu var ráðstafað á árinu, annars vegar til Vegagerðarinnar á þjónustulið stofnunarinnar og hins vegar til Isavia vegna innanlandsflugvalla. Þá voru 5 m.kr. millifærðar til Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Engu var ráðstafað á árinu 2020 vegna varasjóðs málaflokks 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og nam ónotuð fjárheimild um 21 m.kr. í lok ársins.

Tafla 5. Yfirlit yfir skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga.

Heiti samnings/lýsing á samningi	2020	2021	Gildir til
Sóknaráætlanir landshluta	493	493	2024
Byggðaaætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.1	69	43	2021
Byggðaaætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.9	15	15	2021
Byggðaaætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.10	33	25	2021
Byggðaaætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð C.1	100	120	2024
Byggðaaætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð B.8	30	40	2024
Byggðaaætlun, styrktarsamningur v/ aðgerð A.5	9	17	2022
Nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri	13	26	2023
Blábankinn, samfélagsmiðstöð á Þingeyri	3	3	2021
Viðaukasamningur við Sóknaráætlun landshluta	250		2021
Samtals	1.015	782	






Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Á mynd 2 er yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaáttum. Um er að ræða rekstrar- niðurstöðu ársins að teknu tilliti til yfirfluttra fjárveitinga frá árinu 2019. Eins og sjá má er stærsta frávik á Vegagerðinni og má rekja það til uppsafnaðs halla á þjónustulið stofnunarinnar vegna aukins álags á vegakerfið síðustu ár og óhagstæðra veðurfarskilyrða nokkur ár í röð. Frávik hjá Fjarskiptasjóði má rekja til rangrar tegundaskiptingar í tengslum við fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar og verður reynt að fá það lagfært í fjárukalögum ársins 2021. Sama á við um Hafnabótasjóð. Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga reyndust 92 m.kr. hærrí en áætlun fjárlaga. Uppsafnaður afgangur hjá Þjóðskrá Íslands nam um 107 m.kr. Staða annarra fjárlagaliða var í nokkuð góðu jafnvægi um síðustu áramót.

Mynd 2. Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða 2020.



Fjárhæðir í milljónum króna

